



BÓNDAVARÐAN

15. OKTÓBER 2018. 17. ÁRGANGUR

DJÚPAVOGSHREPPUR



Forsíðumynd: Óskar Ragnarsson

Í þessu blaði er hræðileg dagskrá
Djúpavogshrepps á Dögum myrkurs
Þorir þú að lesa?

ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Nú er nýliðið sólríkt sumar á Austurlandi og haustið að taka við. Það er því eðli málsins samkvæmt óvenju erilsamt hjá sauðfjárbændum þessa dagana á meðan hægist um hjá ferðapjónustuaðilum og verslunum þó svo að ferðamannatíminn sé stöðugt að lengjast og þjónustan við þá að aukast.

Á öðrum sviðum atvinnulífsins er líka margt að gerast. Nýtt íbúðarhús er í byggingu í þorpinu og fleiri væntanleg og undanfarið hefur staðið yfir vinna við uppsetningu á nýjum tækjabúnaði hjá Búlandstindi sem tekinn verður í notkun á næstu vikum. Nýtt iðnfyrirtæki og veitingahús hafa tekið til starfa í dreifbýlinu og fleira mætti telja. Þessi upptalning, sem er ekki tæmandi, er til marks um þá fjölbreytni sem sveitarfélagið býr yfir og er svo mikilvæg. Þetta samspil mismunandi atvinnugreina gerir það að verkum að uppgangur á einu sviði vegur upp tímabundinn vanda annars staðar og með því móti næst meiri stöðugleiki en ella, til hagsbóta fyrir alla.

Ný sveitarstjórn tók til starfa í vor að loknum kosningum og nýlega héldu nefndir sína fyrstu fundi. Vinna við fjárhagsáætlun stendur nú yfir en hana ber að leggja fram til annarrar umræðu eigi síðar en 15. desember. Það er að

mörgu að hyggja þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins. Svigrúm til fjárfestinga er ekki mikið en þess verður gætt að forgangsraða í samræmi við þær áherslur sem kynntar voru í vor. Á meðal þeirra framkvæmda sem stefnt er að því að hefja vinnu við á næsta ári er viðbygging við grunnskólann en settur hefur verið á laggirnar starfshópur sem verður sveitarstjórn til ráðgjafar ásamt skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefnd.

Rekstur lítilla sveitarfélaga getur verið erfiður. Sífelld flóknari stjórnsýsla leggur öllum sveitarfélögum, óháð stærð, meiri skyldur á herðar og væntingar íbúa til þjónustu hafa aukist. Fámennar skrifstofur lítilla sveitarfélaga eiga fullt í fangi með að sinna hefðbundnum verkefnum og aðkeypt sérfræðiþjónusta er dýr. Af þessum sökum hefur þeim fjölgað sem eru þeirrar skoðunar að sameiningar sveitarfélaga séu vænlegasti kosturinn til að tryggja áfram þá þjónustu sem íbúar eiga rétt á og eru vanir. Nýlega hittust fulltrúar Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðarkaupstaðar og ræddu óformlega um sameiningu þessara sveitarfélaga. Þegar þetta er ritað hefur ekki verið tekin um það formleg ákvörðun að hefja sameiningarviðræður. Þegar og ef það gerist verður þess gætt að upplýsa íbúa reglulega um gang mála þannig að komi til kosninga þá geti þeir tekið upplýsta afstöðu til sameiningar.

Cittaslow sunnudagurinn var haldinn 30. september og tókst frábærlega. Fullt var út úr húsi í Löngubúð þar sem veitingar frá ýmsum löndum voru í boði og eiga þeir fjölmörgu sem komu að dagskránni hrós skilið. Þeir íbúar sem kirtu við eiga það líka. Óflugt félags- og menningarlíf byggir á þátttöku íbúa og mætingin á Cittaslow sunnudaginn undirstrikar það. Það geta ekki allir mætt alltaf en allir geta mætt stundum. Með því móti verður til virkt og skemmtilegt samfélag – og í þannig samfélagi viljum við búa.

Sveitarstjóri

FRÁ KVENFÉLAGINU



Á liðnu sumri var settur upp svokallaður Ærslabellur hér á Djúpavogi og hafði Kvenfélagið Vaka forgöngu um að safna fyrir þessu leiktæki sem hefur notið mikilla vinsælda meðal yngri kynslóðarinnar. Allur ágóði af vorbingó frá síðustu tveimur árum var lagður í kaupin.

Kvenfélagið Vaka vill hér með þakka þeim fjölmörgu stuðningsaðilum sem lögðu til styrk svo að kaupunum gæti orðið.

Kvenfélagið Vaka

UM FRIDLÝSTAR MENNINGARMINJAR, SÉÐ FRÁ DJÁKNADYS

*Að flýta sér að fara af baki
og fleygja steini
yfir djákna aldurniginn
er það gæfa á ferðastiginn.*

Svona hefst ljóð um Djáknadysina í Hamarfirði en ljóðið er að finna í bókinni Þjóðhættir og Þjóðtrú eftir Þórð Tómasson. Sagan segir að á þessum stað hafi djákninn á Hamri og presturinn á Hálsi barist vegna ósættis. Þeir hafi báðir verið vegnir og dysaðir á staðnum. Sú kvöð hvílir á þeim vegfarendum sem fram hjá fara að þeir þurfi að kasta steinvölu í dysina, einu sinni fyrir hvorn, hund og hest, ef með voru, til að eiga góða vegferð. Dysin er í dag strýtumyndaður grjóthaugur um 2-5m há en nokkrar útgáfur virðast vera í gangi varðandi sögu dysarinnar. Það var svo árið 1964 að Kristján Eldjárn friðlýsti dysina en á þeim tíma voru ekki komin lög til verndar minja eins og eru í dag heldur var friðlýsing sú leið sem farin var til að vernda ákveðnar minjar sem þóttu varðveisluverðar. Dysin nýtur þar með æðstu verndar minjavörslunar enn þann dag í dag og í ár fékk Minjastofnun Íslands styrk til að afmarka dysina og setja upp fræðsluskilti en það er hlutverk stofnunarinnar að merkja friðlýstar fornleifar en viðhald þeirra er á ábyrgð ríkisins.



Djúpavogshreppur er ríkur af fjölbreyttum menningarminjum. Innan svæðisins er að finna bæði friðlýst hús og friðlýstar fornleifar en misskilningur verður gjarnan á því hver munurinn er á friðlýstu og svo aldursfriðuðum minjum. Í stuttu máli á aldursfriðun við um þegar fornleifar, hús og mannvirki hafa náð hundrað ára aldri en þá njóta þau friðunar sökum aldurs. Friðlýsing er svo æðsta verndunarstigið sem minjavarðslan hefur til verndar menningarminjum og er friðlýsing þinglýst sem kvöð á ákveðna fasteign. Í dag getur ráðherra einnig friðlýst fornleifar, hús og mannvirki að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands, en tillaga þess efnis getur komið frá ráðherra, Minjastofnun Íslands, sveitarstjórnnum, hópi fólks eða einstaklingum. Til gamans má geta að í Djúpavogshreppi er töluverður fjöldi af friðlýstum minjastöðum. Það eru tíu friðlýstar fornleifar á sjö jörðum. Þetta eru búðartóftir báðum megin við Búðará í Gautavík, Djáknadys á Hálsi, Völuleiði og nausttóft á Flugustöðum, grjótrúst upp á Goðatindi hjá Hofi, skálatóft á Múla, Papatóftir í Papey og tjaldsvæði Þangbrands, túngarðsbrot og tóftarupphækkun á Þvottá. Í sveitarfélaginu eru svo sex friðlýstar byggingar: Berufjarðarkirkja, gamla Djúpavogskirkjan, Faktorshús, Hofskirkja, Langabúð og Papeyjarkirkja.

Djáknadys er lifandi minjastaður að því leyti að fólk hefur tekið þátt í að móta staðinn í gegnum tíðina. Lagðir hafa verið þrír vegir um þetta svæði en allar veglínurnar hafa legið framhjá dysinni. Staðurinn og saga hans lifir því enn í dag og á dysin því möguleika á að gleðja komandi kynslóðir en það er einmitt einn tilgangur minjavörslunar – að skila menningararfi þjóðarinnar óspilltum til komandi kynslóða.

Puríður Elísa Harðardóttir, minjavörður Austurlands

NÝ BÖRN Í DJÚPAVOGSHREPPI

Það bætist enn við barnaflóruna í Djúpavogshreppi. 8 nýir einstaklingar hafa bæst við þennan heim síðan síðasta Bóndavarða kom út í apríl 2017. Hér eru börnin kynnt til leiks.



Hér er **Garðar Atli Guðlaugsson**

- Þyngd við fæðingu: 3885g.
- Lengd við fæðingu: 53,5 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður.
- Fæðingardagur: 28. apríl 2017.
- Foreldrar: Ágústa Margrét Arnardóttir & Guðlaugur Birgisson.
- Garðari Atla þykir skemmtilegast að leika sér í vatnasporti og sulli. Honum finnst gaman að drullumalla, í fótbolta og að leika við systkyni sín.



Hér er **Guðmundur Hálfán Steinþórsson**

- Þyngd við fæðingu: 3740g.
- Lengd við fæðingu: 52,5 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður.
- Fæðingardagur: 21. ágúst 2018
- Foreldrar: Auðbjörg Stefánsdóttir & Steinþór Björnsson.
- Guðmundi finnst skemmtilegast að borða.



Hér er **Andri Jón Sigurðarson**

- Þyngd við fæðingu: 3412g.
- Lengd við fæðingu: 50 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 7. september 2017.
- Foreldrar: Sigurður Ágúst Jónsson & Hafdís Reynisdóttir.
- Andra Jóni finnst voða skemmtilegt að þríla helst ofaní skúffur, gluggana, já og það nýjasta er að reyna komast uppí sófann.



Hér er **Aría Björg Matthíasdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3480g.
- Lengd við fæðingu: 50,5 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður.
- Fæðingardagur: 20. september 2017.
- Foreldrar: Karen Sveinsdóttir & Matthías B. Auðunsson.
- Aríu Björgu þykir útivera skemmtileg og bílar eru uppáhalds.




Hér er **Samúel Fróði Lefever**

- Þyngd við fæðingu: 3340g.
- Lengd við fæðingu: 53 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur 17. október 2017.
- Foreldrar: Greta Mjöll Samúelsdóttir & William Óðinn Lefever.
- Samúel Fróða þykir skemmtilegast að leika við systur sína og hlusta á tónlist.



Hér er **Ævar Guðnason**

- Þyngd við fæðingu: 3240g.
- Lengd við fæðingu: 49 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 20. október 2017.
- Foreldrar: Guðni Þórir Jóhannson & Ólöf Vilbergsdóttir.
- Ævar elskar að skúra og leika úti í garði.



Hér er **Ævi Reyes**

- Þyngd við fæðingu: 4010g.
- Lengd við fæðingu: 51 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður
- Fæðingardagur: 3. nóvember 2017
- Foreldrar: Snjófríður Kristín Magnúsdóttir & Justin Reyes
- Ævi finnst skemmtilegast að hama í sig og taka veðrið.



Hér er **Anna Kolbeinsdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3485g.
- Lengd við fæðingu: 50 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík
- Fæðingardagur: 24. febrúar 2018
- Foreldrar: Íris Birgisdóttir & Kolbeinn Einarsson
- Önnu finnst skemmtilegast að leika við pabba sinn.

Félagsstarf heldri borgara

Tryggvabúð

Mánudagur 13:00-14:30 Félagsstarf

Þriðjudagur 16:15-17:00 Sundleikfimi

Miðvikudagur 15:30-17:00 Félagsstarf

Fimmtudagur 13:00-14:30 Félagsstarf

Minni á facebook síðuna okkar

Tryggvabúð félagsstarf

DJÚPAVOGSHREPPUR TIL ALLRA ÁTTA

Cittaslow sunnudagurinn fór fram 30. september í Löngubúð. Hann er haldinn ár hvert síðasta sunnudaginn í september í öllum aðildarsveitarfélögum Cittaslow. Markmiðið var að kynna staðbundna matarmenningu, framleiðslu og fjölbreytileikann í þorpinu. Viðburðurinn fékk nafnið „Djúpavogshreppur til allra átta“ og dró nafn sitt frá þeirri staðreynd að fólkið í Djúpavogshreppi kemur hvaðanæva að úr heiminum og má núna telja 18 þjóðerni í hreppnum. Á Cittaslow sunnudeginum í ár kynntu 13 þjóðerni matarmenningu og rétti frá sínu heimalandi og nokkrir seldu einnig matvöru sína. Viðburðurinn var gríðarlega vel sóttur og má gróflega álykta að um 250 manns hafi komið við og tekið þátt í Cittaslow sunnudeginum í ár. Dagskráin stóð frá 13-16 og var fullt hús allan tímann. Maturinn flæddi út að dyrum og enginn fór svangur heim. María Viktoría, söngkona sem nýflutt er í þorpið, tók vel valin lög á þremur tungumálum. Hún söng, spilaði á gítar og munnhörpu. Hugmynd kom upp á viðburðinum sjálfum að gaman væri að safna saman öllum uppskriftum frá Cittaslow sunnudeginum í ár og gefa út uppskriftabók. Djúpavogshreppur fer í málið.



Fólkið og þjóðernin á bakvið kræsingarnar voru:

Gigie frá Filipsejrum
Kári frá Austurríki
Kristún frá Íslandi
William Óðinn frá Bandaríkjunum
Justin frá Honduras
Milena frá Póllandi
Juanma frá Spáni
Edurne frá Baskalandi

Daniela frá Sviss
Peter frá Þýskalandi
Victoria frá Úkraínu
Ágnes og Attila frá Ungverjalandi
Kristína frá Slóvakíu
Maciej frá Póllandi
Eiður, Steinunn, Jóhanna og Bragðavellir frá Íslandi
Kínga og Marta frá Póllandi

Þátttakendur voru til fyrirmyndar og vill Djúpavogshreppur þakka sérstaklega fyrir góð viðbrögð og frumkvæði. Einnig þakkar Djúpavogshreppur frábæra mætingu á viðburðinn. Mikill fjöldi heimafólks lét sjá sig og kynntist nýrri matarmenningu og um leið hvert öðru aðeins betur.

Djúpavogshreppur

LEIKJARINN

Birkir Fannar, eða *Leikjarinn* eins og hann kallar sig gjarnan, starfar fyrir Djúpavogshrepp og er 26 ára gamall. Hann er Stöðfirðingur í grunninn en hefur verið búsettur á Djúpavogi síðustu ár. Birkir er mikill áhugamaður um tölvuleiki og safnar þeim. Sérstaka áherslu leggur hann á eldri leiki eða „retró“ leiki og safnar slíkum. Safnið hans hefur stækkað jafnt og þétt og erfitt er fyrir Birki að svara því hvað safnið er stórt eða mikils virði. „Safnið inniheldur vel yfir 300 tölvuleiki og sirka 14-15 tölvur sem ég á“. Á Íslandi eru 13 alvöru retró safnara sem safna tölvuleikjum, tölvum og fylgihlutum og Birkir er ofarlega á þeim lista. Birkir Fannar er einna þekktastur fyrir tölvuleikjastreymi á vefnum sem hann hefur haldið úti í nokkurn tíma og gengur þar undir nafninu Leikjarinn. Þar ræðir Birkir gamla leiki og leikjatölvur af gamla skólanum. Öll myndbönd sem hann vinnur fara á facebook á síðu hans Leikjarinn og á síðuna twitch.tv en þar er Birkir með 3000 fylgjendur. Nú er hann einnig orðinn vel þekktur í tölvuleikjaheiminum á Íslandi en byrjaði með erlenda fylgjendur. Birkir gerir einnig podcast eða hlaðvörp þar sem hann ræðir tölvuleiki og er með þema fyrir hvern einasta gest sem kemur til hans.

Safnið hans Birkis er í sífelldri vinnslu og eins og um þessar mundir er hann að skrá alla munina og setja inn á Leikjarinn - síðuna. Ásamt því er hann að vinna að myndbandi þar sem hann kynnir allar vörurnar sem hann á, á síðunni sinni. Safnið hans vex rólega þar sem Birkir er skynsamur með peninga og kaupir ekki hluti nema hann eigi fyrir þeim. En þennan heim er erfitt að skilja fyrir þá sem ekki þekkja. Stundum koma leikir, tölvur eða fylgihlutir á sölu sem er tækfærri sem ekki er hægt að láta framhjá sér fara og Birkir þarf að vera á tánum og fylgjast með.



Krakkarnir á Djúpavogi eru mörg meðvituð um safn Birkis og eru hrifin af því að kíkja til hans og skoða gersemarnar. Birki langar hins vegar að opna fyrir almenningi á komandi mánuðum og þá gefst fólki kostur að koma, skoða og spila þessa sérstöku, sjaldséðu og eftirsóttu leiki.

Framundan hjá Birki er þétt höfuðborgarheimsókn þar sem hann nýtir hverja stund í vinnu sína sem Leikjarinn. Hann mun taka upp nokkur viðtöl, fara í viðtöl sjálfur og stefnir á stóran viðburð í Kringlunni. Þar er hugmyndin að setja upp smá gjörning þar sem hann tekur fólk tilbaka aftur í tímann. Stefnan er að setja upp lítinn ramma sem mun kallast „til fortíðar“ og verður í boði að setjast og fylgjast með Birki spila Super Mario 3 á túbu sjónvarp í Nintendo Entertainment System sem allir muna eftir. Viðburðurinn verður tekinn upp og settur á síðu Leikjarans á facebook.

Birkir bendir fólki sem hefur áhuga á nokkra hópa á facebook sem geta nýst þeim. Hópurinn Tölvuleikjasamfélagið er gríðarstór hópur fyrir alla sem hafa áhuga á tölvuleikjum. Hópurinn Retrósafnara Íslands inniheldur alla retrósafnarana eins og Birki og ef fólk er að spá í að byrja að safna er flott að byrja þar.

Bóndavarðan hlakkar til að halda áfram að fylgjast með þessari rísandi stjörnu sem Birkir Fannar er og hrósar því að hann leggi slíkan metnað í það sem hann brennur fyrir.

VÍSUHORN

Hrönn Jónsdóttir í Sæbakka hefur sett saman fjóra fyrriparta. Hér með er óskað eftir að sendir verði inn vísuþotnar á gretamjoll@djupivogur.is eða komið með þá í Geysi, Bakka 1. Hrönn mun svo fá vísuþotnana afhenta undir dulnefni og skera úr um, ásamt valinni dómnefnd, hverjir þeirra verða birtir í jólaútgáfu Bóndavörðunnar.

**Sólin lækkar, sölna blóm
söngfuglarnir þagna.....**

**Senn er á enda sumarið
svona eins og gengur.....**

**Þegar vetur völdin tekur
vefur mjöllin grund og hlið....**

**Okkur sækir haustið heim
hér á norðurslóðum.....**

FERÐASAGA – MEÐ TEDDY TIL ÍRLANDS

Mér bauðst að sigla á skútunni Teddy með kunningja mínum sem heitir Dr. Nicolas Kats sem er Bandaríkjamaður en hann býr á Írlandi. Ég kynntist Nick, eins og hann er kallaður, haustið 2016 þegar skútan hans lá hér í höfninni á meðan hann beið eftir hagstæðum byr til Færeyja. Nick er heyrnalaus en talar bæði ensku og frönsku en við notuðum ensku þar sem ég tala ekki frönsku og hann ekki íslensku. Hann les málið af vörum manns og voru samskipti okkar á milli ekkert vandamál.

Skútan Teddy er smíðuð árið 1980 af dönskum manni sem hét Arne Hedlund en hann hannaði, teiknaði og smíðaði bátinn. Skrokkur skútunnar er úr stáli, dekkið úr plasti en annað úr viði. Báturinn er sérstaklega vel smíðaður en jafnframt hefur verið reynt að hafa allt sem einfaldast til að minnka hættu á að eitthvað bili eða gefi sig. Skútan er tveggja mastra og hægt er að vera með fjögur segl uppi í einu. Öll hönnun bátsins og útbúnaður miðast við að hægt sé að nota hana til úthafssiglinga.

Skútan er 11,80 metrar að lengd og 3,83 metra breidd og ristir um 1,80 metra. Í skútunni er nýleg 30 hestafla Yanmar vél en vélin sem var upprunalega í bátnum var 22 hestafla Lister.

Það var svo hinn 28. júlí um tvö leytið sem landfestum var sleppt á Djúpavogi og haldið af stað. Nokkuð hvöss austanátt var þennan dag svo það var rúmlega þriggja tíma barningur að komast út fyrir Ystaboða. Við þurftum sem sagt að krussa út fyrir boða en við gátum ekki siglt nærri vindi en u.þ.b. 50°. Þegar við höfðum náð vel út fyrir boða var stefnan sett um 200° á kompásinn og gekk Teddy þá um 6 til 6,5 sjómílar á klukkustund. Telst það vera mjög góður gangur undir seglum. Þegar út fyrir boða var komið var maður bæði orðinn blautur og kaldur svo það var gott að komast niður og í þurr föt.

Fyrsta sólarhringinn lögðum við að baki um 88 sjómílar sem var allt í lagi en undir seglum í þokkalegum byr reikna menn með að komast um 100 sjómílar á sólarhring.



Um borð í Teddy er ekki mikill nútímabúnaður og þegar við vorum komnir úr gsm sambandi vorum við ekki í neinu sambandi við land, hvorki í gegnum síma eða talstöð og gátum ekki tekið veðurspár.

Þeir sem stunda úthafssiglingar á seglbátum gera það á sínum forsendum. Nick sagði við mig eitt sinn, þegar ég spurði hann um þessa hluti, að þegar hann færi á sjó vildi hann vera laus við heiminn. Þess vegna er hann með lámarks búnað um borð. Eitt tæki vorum við þó með en það var lítill hand GPS sem gekk fyrir batteríum og ég held að hann hafi haft annan til vara. Með því að kveikja á GPS tækinu gátum við ávallt fengið staðsetningu bátsins í lengd og breidd.

Upp úr hádegi á öðrum sólarhring í siglingunni fór veður versnandi en Nick sagði að hann hefði spáð léttum stormi þegar hann tók veðurspána áður en við lögðum af stað. Sjálfur hafði ég ekki hlustað á neina spá þar sem ég var að koma úr stuttu ferðalagi nóttina áður og þurfti að klára ýmislegt með hraði um morguninn. Veðrið sem við fengum var austlæg átt 14 til 18 metrar en þá sá maður vel hversu afburða góður bátur Teddy er. Siglt var með fokku uppi og rífað stórsegl en rífið segli þýðir að seglið er ekki haft uppi í fullri stærð. Um kvöldið lögði nokkuð en áttin varð óhagstæðari.

Á seglskipi þykir ekkert slæmt að stefnan sé 30° eða meira frá þeim stað sem stefnt er á ef þú bara nálgast staðinn. Um hádegi á þriðja degi var áttin það óhagstæð að það borgaði sig ekki að sigla þá stefnu sem byrinn bauð upp á.

Við þessar aðstæður er notuð ákveðin tækni til að halda bátnum nokkurn veginn á sama stað en siglingafólk kallar þetta á ensku hif-op. Aðferðin felst í því að eitt segl er látið knýja bátinn afturábak en annað segl knýr hann áfram og síðan er stýrið látið í fulla beygju í það borð sem vindurinn er á en með þessu heldur báturinn um 60° upp í vind og helst nokkurn veginn á sama stað.

Næstu þrjá fjóra daga sigldum við ýmist bara á seglum eða seglum og vél eða héldum kyrru fyrir eins og áður var lýst. Sigldum við um 70 sjómílar á sólahring þessa daga.

Eins og ég kom inn á fyrr í frásögninni var ekki mikill nútímabúnaður um borð í Teddy. Þar var til dæmis ekki sjálfstýring eða nothæft vindstýri, samt stóðum við ekki við stýrið nema lítinn hluta siglingarinnar.

Nick notaði þá aðferð að haga seglum á ákveðinn hátt þannig að ekki þyrfti að standa og stýra bátnum. Grunninn að þessari aðferð lærði hann af bókinni *Sailing Alone Around The World* sem skrifuð var af manni sem hét Joshua Slocum árið 1900. Slocum þessi var fyrsti maðurinn til að sigla skútu sinni sem hét *Spry* einsamall í kringum jörðina.

Síðustu árin hef ég reynt að komast á tal við sem flest siglingafólk sem hefur komið í höfnina hér. Sumir, og reyndar mjög margir, hafa verið til í að spjalla um aðferðir og tækni sem þeir nota á siglingum sínum. Af öllum þeim sem ég hef lent á tal við hefur mér fundist Nick hafa yfirburða þekkingu á notkun segla. Ég sagði honum í upphafi ferðar að ég væri fyrst og fremst að fara þessa siglingu til þess að læra að nota segl. Eftir það snérust samræður okkar nánast bara um seglbáta, útbúnað þeirra og beitingu segla við hinar ýmsu aðstæður.

Nick lærði fyrstu handtökin við siglingar af móður sinni en keypti sér seinna bát og fór að sigla sjálfur. Teddy er sjötti báturinn sem hann hefur átt og er sá stærsti og eini báturinn sem hannaður hefur verið til úthafssiglinga. Hann sagði að besta aðferðin til að læra að sigla seglbát væri að fá sér lítinn bát og byrja að sigla en bætti við og sagði: „þú hefur ekki tíma til að læra siglingar á þann hátt, þú ert orðin of gamall til þess“. Ég hugsaði nú kallinum þegjandi þörfina en sagði þó ekkert.

Aðeins um vistina um borð. Báturinn var ekkert hitaður upp þannig að manni fannst nú frekar kalt og fór ég ávallt kappklæddur í koju. Nick sá alfarið um að elda en aðstaðan til þess var nú ekki mikil eða aðeins tvær gashellur. Ekkert var eldað ef veltingur var. Ég sá um uppvaskið enda snillingur í því síðan Jónína og Elísabet ráku veitingastaðinn Við Voginn. Fæðið var aðallega dósamatur og annað sem auðvelt var að geyma lengi eins og kartöflur og laukur. Um borð var hvorki ísskápur eða frystihólf. Nick hafði áður sagt mér að það væri tvennt nauðsynlegt í svona siglingum, annarsvegar að nærast vel og hinsvegari að hvílast vel til þess að vera undir það búinn að lenda í erfiðum aðstæðum. Hann hikaði ekki við að breyta um stefnu til að betur færi um áhöfnina þó svo að það lengdi siglinguna.



Ég held að ég geti sagt að það hafi tekið mig svona þrjá sólarhringa að átta mig á þessum nýju aðstæðum á sjó miðað við það sem maður var vanur.

Það kom mér svolítið á óvart hvernig maður lítur á tímann í svona siglingum þar sem byr ræður för. Maður er ekki að hugsa um að komast á áfangastað á ákveðnum tíma heldur bara að komast á áfangastað sem er allt önnur hugsun en maður á að venjast sem sjómaður á vélbátum. Að sama skapi er mikill tími sem maður þarf að eyða og sýndist mér að best sé að hafa nóg lesefni með í för.

Á kvöldin áður en dimma för var tekin staða á loftvog, spáð í ský og skýjafar og í framhaldi tekin ákvörðun um hvort seglin skyldu rifuð fyrir nóttina. Að rífa segl er að minnka flöt seglanna. Betra var að gera það áður en nóttin skall á þar sem engin vinnuljós voru á bátnum en ef við lentum í því að vinna í seglunum í myrkri vorum við með sitthvort vasaljósið.

Eins og ég hef áður getið um sigldum við smá spöl leiðarinnar bæði á seglum og vél. Með því að nota vélina með gátum við siglt nær þeirri stefnu sem við vildum halda. Þetta var svolítill kúnt þar sem siglt var eins nálægt vindi og mögulegt var. Ekki mátti fara of nálægt vindi því þá sló í baksegl. Að slá í baksegl þýðir að vindurinn kemur öfugu megin í seglið og slæst þá seglið harkalega til með hávaða og tilheyrandi víbringi. Ég var við stýrið eitt sinn þegar við notuðum bæði vél og segl og þóttist vera búinn að sjá út réttu stefnunni á kompásnum, en þá sló í baksegl. Þótt Nick væri neðanþilja skynjaði hann þetta og kom upp og sagði mér að ég ætti að stýra eftir seglunum en ekki eftir kompásnum. Ég jánkaði þessu en ósjálfrátt fór ég að stýra eftir kompásnum og aftur sló í baksegl. Kom þá Nick aftur upp, gekk að kompásnum, lokaði honum og sagði: „nú stýrir þú eftir seglunum“.

Eitt skiptið þegar við komum niður eftir smá baráttu við seglin sagðist Nick finna meira fyrir því að eiga við seglin heldur en áður. Ég sagði náttúrulega strax að hann væri orðinn of gamall í þennan slag en hann leit þá á mig og sagði: „Shut the fuck up“ og hló. Nick hefur góðan hómor og reyndist skemmtilegur ferðafélagi.

Þegar við fórum framhjá Færeyjum vorum við um 200 sjómílur vestan við þær. Nick lagði mikla áherslu á það að vera vel vestan við Írland þegar við nálguðumst land þar sem það væri að jafnaði vestan eða suðvestan átt.

Eftir að við komum suður fyrir 60° norður breiddar varð dýralífið fjölskrúðugra og við fórum að sjá grindhvali, súlur, lunda og eitthvað af svartfugli. Múkka höfðum við séð alla siglinguna og stöku máv.

Við sáum aldrei skip og aðeins einu sinni ljós á skipi þegar við vorum í úthafinu.

Eftir hádegi þann 3. ágúst vorum við á svipaðri breidd og Írland nær nyrst. Þá áttum við eftir um 120 sjómílar í mynni flóans þar sem Clifton upprunalegi áfangastaður okkar var.


Aðfaranótt 4. ágúst sáum við ljós á nokkrum fiskiskipum en sigldum ekki nálægt þeim. Þegar birti sáum við til lands. Um níu leytið um morguninn komumst við í gsm samband svo ég gat hringt í Jónínu og látið vita af okkur en hún hafði ekkert af okkur frétt síðan við fórum af stað þann 28. júlí.

Eftir hádegi var tekin ákvörðun um að taka land í litlu þorpi sem heitir Klagen en það liggur aðeins norðar en Clifton. Þetta var ákveðið til að ná matarboði sem Nick var búinn að lofa okkur í hjá vinafólki sínu sem býður honum og áhöfn alltaf í veislu áður en hann fer í siglingu og þegar hann kemur aftur heim.

Teddy var skilin eftir við legufæri úti á höfninni í Klagen en við rérum í land á léttabátum. Í landi beið okkar Katarina sem er fjölskylduvinnur Nicks. Hún byrjaði á því að fara með okkur á þorpskrána þar sem drukkinn var einn Guinness bjór í tilefni ferðalokanna. Síðan var ekið sem leið lá heim til Nicks en það var um hálf tíma akstur. Húsið sem Nick býr í er um hundrað ára gamalt og stendur rétt utan við bæinn Clifton. Það er hlaðið úr steini og sýndist mér að veggirnir væru um sjötíu sentímetra þykkir og grjót í gegn.

Ég naut gestrisni Nicks í tvo daga en tók síðan rútu frá Clifton til Gallavy og þaðan aðra rútu beint á flugvöllinn í Dublin. Ég flaug síðan heim með WOW og lenti í Keflavík um átta leytið að kvöldi 6. ágúst.

Ég vona að einhverjir hafi ánægju af því að lesa þessar línur.
Bestu kveðjur Jón.



Notó

Nytjamarkaður í Vogshúsi

Sem fyrr verður Notó opið á laugardögum í vetur frá kl. 15 - 16. Fyrsta opnun verður 13. október og síðasta opnun fyrir jól verður 15. desember. Opnanir eftir áramót verða auglýstar síðar.

Tekið er á móti hlutum á opnunartíma en ekki er gengið frá þeim fyrr en eftir lokun.

Við tökum ekki á móti:

- Fatnaði
- Öryggisvörum (hjálum, bílstólum o.s.frv.)
- Ónýtum hlutum
- Verðlausum hlutum

Hlökkum til vetrarins og að halda áfram með þetta frábæra verkefni!

Stjórn Foreldrafélags Grunnskóla Djúpavogs

Við tökum líka við efnivið fyrir jólafondrið:
Köngla, greinar, perlur, glerkrukkur og allt slíkt

NOKKUR ORÐ UM KÓRSTARF



Liðin eru nú meir en 50 ár síðan kirkjukór Djúpavogs hóf formlegar æfingar undir leiðsögn Elísar Þórarinssonar frá Starmýri og síðan hafa margir kórstjórar komið og farið, og sett sitt mark á kórstarfið. Kórinn hefur farið erlendis í félagi við aðra austfirski kóra, og aldrei að vita hvenær við hleypum heimdraganum næst.

Nýkominn er til okkar ungverskur organleikari og kórstjóri ásamt konu og 3 börnum. Við bjóðum þau öll velkomin og sjáum fram á gott starf undir hans stjórn. Ánægjulegt að eiginkonan og dæturnar 2 syngja með og styrkja kórstarfið, en njóta einnig góðs af félagsskapnum og allt styður það að íslenskunámi þeirra. Það minnir okkur á, að nýbúar, innlendir eða erlendir, eiga sérstakt erindi í þennan góða félagsskap sjálfra sín vegna og svo að sjálfsögðu njótum við hæfileika hvers og eins, sem sagt; bæði gefið og þegið.

Nú eru kórfélagar um 20 talsins og nýir eða eldri félagar alltaf velkomnir. Æfingarnar eru alla miðvikudaga klukkan 19 til 21, en messur að meðaltali ein í mánuði.

Aðventukvöld með þátttöku kórsins verður væntanlega í annari viku desember, en nú um aðra helgi nóvember stendur til að taka þátt í kóramóti á Höfn, sem er þó ekki alveg frágengið nú.

Með kveðju,
Formaður.

**Ungmennafélagið Neisti, Foreldrafélag
grunnskólans og Foreldrafélag leikskólans**

sameina krafta sína og boða til fundar!

**Skyldumæting fyrir forráðamenn barna í Neista,
grunnskóla og/eða leikskóla.**

Lágmark einn einstaklingur frá hverju heimili.

Hótel Framtíð • 18.október • kl.17

Kaffi í boði á fundinum.

Barnapössun í boði í íþróttahúsinu.

BYRJENDALÆSI VIÐ DJÚPAVOGSSKÓLA



Það var um haust 2014 sem Djúpavogsskóli hóf innleiðingu á kennsluaðferðinni Byrjendalæsi ásamt 7 öðrum grunnskólum á Austurlandi og er þetta því fjórði veturinn sem við siglum undir flaggi Byrjendalæsis. Byrjendalæsi er kennsluaðferð sem við notum sérstaklega við kennslu nemenda í 1.-4. bekk en auðvelt er að teygja það hærra og lengra og tengja það við aðrar kennsluaðferðir sem notaðar eru á eldri stigum grunnskólans. Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu, stundi svokallað athafnamiðað nám þar sem hreyfing og samræður eru í fyrirrúmi. Einnig er mikið lagt upp úr samvinnunámi þar sem nemendur vinna saman í misstórum hópum að lausn vanda, þar sem hver og einn hefur ákveðið hlutverk og skiptir máli í samvinnunni. Það er tveggja ára ferli að verða Byrjendalæsisleiðtogi og svo tvö önnur ár að verða leiðtogi í Byrjendalæsi. Við erum svo heppin að eiga núna

menntaðan leiðtoga ásamt því að hafa fullmenntað þrjá kennara. Fjórir eru nú að læra Byrjendalæsiskenndu og er þetta stór partur af starfsþróun kennara við Djúpavogsskóla.

Það er virkilega gaman að kenna eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem vinnubókavinnan er í lágmarki og allir nemendur fá verkefni við hæfi, aðlöguð að getu hvers og eins. Ef við lýsum einni viku í Byrjendalæsi hefst hún á því að kennari velur markmið til að stefna á að ná með nemendum þá vikuna, og hefur þá að sjálfsgöðu aðalnámskrá til hliðsjónar. Þá hefst fyrsta þrep Byrjendalæsis þar sem gæðabók eða texti er valin sem þjónar markmiðunum og lesið er fyrir nemendum. Því næst er valið ákveðið lykilorð upp úr texta bókarinnar sem nemendur vinna með á ólíkan máta eftir því hvar þeir eru staddir í lestrarnáminu. Í öðru þrepi er tungumálið grandskoðað, málfræðimarkmið tekin fyrir og unnið með á fjölbreyttan máta, svo sem með ýmiskonar námsspilum eða leikjum. Í þriðja og síðasta þrepinu er textinn dreginn aftur saman og endurbyggður af nemendum, til dæmis með söguvegi (upphaf-miðja-endir), leikþætti, endursögn á texta, búinn til nýr endi á söguna, nýrri persónu er bætt inn í söguþráðinn og svo mætti lengi telja. Nemendur eru virkir allan tímann, kynnast ólíkum bókmenntum og textagerðum, fá útrás fyrir hreyfipörf og læra í gegnum leik. Það er samhljómi innan skólans að Byrjendalæsi henti langflestum nemendum og þar fá hæfileikar hvers og eins að skína skært.

Við hvetjum foreldra og aðra áhugasama um að kynna sér Byrjendalæsi inn á heimasíðunni www.msha.is og hika ekki við að hafa samband við kennara eða leiðtoga í Byrjendalæsi hafið þið einhverjar spurningar.

F. hönd Byrjendalæsis kennara við Djúpavogsskóla

Jóhanna Reykjálín
Leiðtogi í Byrjendalæsi



Það er alltaf jafn notalegt að fá sér nýbakaða vöflu með öllu tilheyrandi og því viljum við minna á vöflukaffi í Tryggvabúð, alltaf á miðvikudögum milli 15:00 og 16:00

Verðið eru litlar 500 krónur.

Allir hjartanlega velkomnir, ekki bara eldri borgarar

Tryggvabúð

FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLANS Á DJÚPAVOGI - KYNNING Á STARFSEMI

Við í foreldrafélaginu ætlum að standa fyrir viðburðum og námskeiðum líkt og á síðasta skólaári t.d. verðum við aftur með smíðjuhelgi sem sló heldur betur í gegn, hið hefðbundna jólaföndur verður á sínum stað og ætlum við líka að halda myrkraball á Dögum Myrkurs. Einnig verða viðburðir og/eða sýningar fyrir nemendur. Nú þegar hefur Einar Mikael töframaður komið og var með æðislega skemmtilega sýningu, nemendur í 1.-2. bekk fóru á leiksýningu á Breiðdalsvík og hinir bekkirnir fá sitt hvað við sitt hæfi á næstunni.



Auk þess munum við reka Notó nytjamarkaðinn sem nú verður staðsettur í Vogshúsinu. Rekstrarformið verður með sama sniði og síðasta skólaár, umsjón verður skipt á milli bekkja og foreldra þannig að vinnan dreifist jafnt milli allra og allir fá tækifæri til að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni sem skilar sér í fjármagni til stórra og fjölbreyttra viðburða.

Við í stjórninni erum tengiliðir milli heimila og skóla. Auk þess að vera með fjáraflanir, viðburði og skemmtanir berum við hag barna ofar öllu og fylgjumst vel með að þeirra réttur sé virtur. Ef foreldrar vilja koma með athugasemdir, tillögur, vangaveltur eða annað í sambandi við börnin okkar, skólastarfið, félagslíf eða annað tökum við vel á móti ykkur. Foreldrar og forráðamenn mega líka minna börn sín á okkur og hvetja þau til að koma með hugmyndir og athugasemdir.

Tilkynningar og auglýsingar verða framvegis í gegnum tölvupóst og hvetjum við foreldra til að lesa vel yfir póstana okkar svo ekkert fari framhjá neinum. Facebooksíðu félagsins verður lokað á grundvelli nýrra persónuverndarlaga og munu öll samskipti fara fram í gegnum Mentor.

Hlökkum til vetrarstarfsins með ykkur öllum!

Stjórn foreldrafélags Grunnskóla Djúpavogs
Helga Rún Guðjónsdóttir
Hugrún Malmquist Jónsdóttir
Ágústa Margrét Arnardóttir
Svavar Pétur Eysteinnsson
Rán Freysdóttir
Ingveldur Björk Björnsdóttir
Steinunn Þórarinsdóttir

DJÚPAVOGSKIRKJA Í OKTÓBER:

14. OKT. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00 (ATH. BREYTTUR TÍMI)
21. OKT. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00
28. OKT. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00

DJÚPAVOGSKIRKJA Í NÓVEMBER:

4. NÓV. GUÐSÞJÓNUSTA KL. 11.00 Á ALLRA HEILAGRA MESSU
11. NÓV. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00
18. NÓV. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00
25. NÓV. SUNNUDAGASKÓLI KL. 13.00

DJÚPAVOGSKIRKJA Í DESEMBER:

2. DES. FJÖLSKYLDUGUÐSÞJÓNUSTA KL. 11.00

ÞÁ VERÐUR FERMINGARFRÆÐSLAN
KL. 18.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM

TTT STARF VÆNTANLEGA Á ÞRIÐJUDÖGUM


KÓRÆFINGAR KL. 19.00 Á MIÐVIKUDÖGUM OG
ALLTAF VELKOMIÐ NÝTT FÓLK Í KÓRINN

NÁNAR VERÐUR AUGLÝST KIRKJUSTARFIÐ Í
DESEMBER OG ÞETTA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM
BREYTINGAR

SÓKNARPRESTUR



„Ég fer yfirleitt í bankann í appinu“



SAMVERAN ER ÞAÐ MAGNAÐASTA OG MIKILVÆGASTA

18. mars sl. hófst ferðalag okkar til Benalmadena á Spáni sem varð „heimili“ okkar í 4 vikur. Við vorum stutt frá strönd og stórum almenningsgarði sem við eyddum ófáum klukkustundum í. Allt vakti athygli okkar: gróðurinn, dýrin, arkitektúr, menning og mannlíf. Hitinn og veðrið var dásamlegt og við eyddum öllum dögum úti, fyrir utan 2 rigningadaga sem við hégum inni, hlustuðum á regnið, horfðum á ár myndast á götunum, sáum eldingar og heyrðum í þrumum - allt spennandi fyrir unga Íslendinga. Við leigðum bíl síðustu vikuna og keyrðum frá Benalmadena til Barcelona og flugum þaðan heim. Aksturinn gekk vel með aðstoð GPS og alveg geggjað að sjá fjölbreytta landslagið og heimsækja nýja staði á hverjum degi.

Það sem stendur upp úr eftir 5 vikna Spánardvöl eru hellarnir í Nerja, vísindasafnið í Valencia, trjáklifurgarðar, æðislegir almenningsgarðar og strandbærinn La Herradura, en þar hittum við hóp fólks sem aðhyllist world-, wild- og homeschooling sem var ofboðslega áhugavert og skemmtilegt.

Þann 18. júlí sl. flugum við til Wrocław í Póllandi þar sem 4 vikna ferðalag okkar hófst og endaði, eftir flakk um Pólland, Slóvakíu, Austurríki, Tékkland og Þýskaland. Alls keyrðum við um 7000 km. á bílaleigubíl, gistum á um 28 mismunandi gististöðum, sáum borgir, sveitir og náttúruparadisir sem ekki er hægt að lýsa með orðum.

Það sem stendur upp úr eru Saltnámurnar í Kraká, Zakopane fjallasvæðið, strandsvæðið norðan við Gdansk og sveitabærinn í Glewo í Póllandi. Hellarnir í Liptovsky Micolás í Slóvakíu. Erlufsee vatnið og Mariazeller Búrgeralpe fjallasvæðið sem þarf að taka kláf til að komast á. Í Austurríki eru stórkostleg svæði. Rétt hjá bænum Mikolas í Tékklandi fundum við vatna „paradís“ á yfirgefnu námusvæði. Rétt hjá Berlin fórum við í stærsta sundlaugagarð í Evrópu - í gamalli herstöð og við stelpurnar fórum svo á Britney Spears og Pitbull tónleika inn í Berlin - á meðan strákarnir reyndu að gera við bílinn okkar sem varð rafmagnslaus í miðborginni.

Að ferðast 7000 km. í 7 manna hóp er krefjandi og hvað þá með 5 börn á mismunandi aldri. Allir dagar kröfðust skipulags í bland við æðruleysi og kæruleysi til að takast á við óvæntar stefnur. Tvisvar héldum við að við þyrftum að gista í bílnum því enga gistingu var að fá, enska var lítið töluð á mörgum svæðum og matarræði og ferðir á veitingastaði oft ansi skrautlegar. Mér t.d. tókst að panta 7 stóra bjóra á allt liðið þegar ég reyndi að panta borð fyrir 7 í pínulitlum bæ í Tékklandi. Oft voru hvorki hraðbankar né posar á svæðunum sem við fórum á þannig að hugsa þurfti fyrir því og taka því með jafnaðargeði þegar ekki var hægt að gera eða kaupa eitthvað sökum peningaleysis.

Borgirnar Wrocław, Kraká, Bratislava, Vín, Brno, Prag og Berlin eru allar heillandi, með hjarta í miðborginni og allskonar afþreyingu. Sundlaugagarðar eru allsstaðar og sýningar/söfn sem við heimsóttum voru æði t.d. skynjunar sýning í Bratislava þar sem þemað var fatlanir - þar máttu gestir prófa og skoða allt til að „upplifa“ sýningu sem tengist t.d. því að vera heyrnalaus, blindur, einhverfur eða vera með líkamlega fötlun. Mikill lærdómur á skemmtilegan hátt. Auk þess var sýning unnin út frá lífsreynslu flóttabarna í Zoom safninu í Vín algjörlega stórkostleg. Öll söfn og sýningar sem við sóttum voru „interactive“ sem þýðir að gestir - markhópurinn börn og fjölskyldur - máttu snerta, leika og upplifa.

Allir staðir sem við heimsóttum og þá sérstaklega Pólland er alveg gríðarlega barn- og fjölskylduvænt. Alls staðar dásamleg, örugg svæði, almenningsgarðar og leikvællir sem kostar ekkert inn á. Allir veitingastaðir og annað var virkilega barnvænt og ekki skemmir stemninguna að borga um 4-5000 kr. íslenskar fyrir vel útiláttnar máltíðir með öllu fyrir 7 manns.

Verð og veður hér á Íslandi eru ekki síst ástæða þess að við erum löngu farin að plana næstu ferð, en erum þó meðvituð um að gera tímann á milli ekki sem „biðtíma“ milli ferðalaga sem fara oftar en ekki í að pirrast yfir verðinu og hvað vantar í nánasta umhverfi. Á ferðalögum upplifum við nefninlega líka hvað við höfum það gott hér heima, þessi náttúra sem við höfum aðgang að á Djúpavogi og Íslandi er stórkostleg. Hér höfum við verið í vatnasporti, gönguferðum, kannað ný svæði og fleira sem við fjöllum um á fjölskyldu-ferða- og lífstíls snappinu: „whattodoin“ og á instagram/facebook: whattodoin2017.

Ágústa Margrét Arnardóttir



Hræðileg dagskrá Djúpavogs

Þriðjudagur 30. október

- 16:30 Bókasafnið. Berglind Einarsdóttir les draugasögur fyrir börn og fullorðna
- 17:00 Draugaganga um bæinn með Ólafi Áka. Mæting í Geysi
- 20:00 Teigarhorn. Kvikmyndin **Ég man þig** sýnd á breiðtjaldi í fjárhúsunum

Miðvikudagur 31. október

- 16-17:00 Ljósastuð Neista fyrir 1.-4. bekk í íþróttasalnum
- 18:00 Faðir vora hlaupið. Teigarhorn í Rjóður
- 19-20:00 Ljósasund Neista fyrir 5.-10. bekk í sundlauginni

Fimmtudagur 1. nóvember

- 16:30 Krakkabíó í Við Voginn. Hryllingskrakkamynd og hrottalegar veitingar
- 19-21:00 Kertaljós & kósý í sundlauginni fyrir 18 ára og eldri

Föstudagur 2. nóvember

- Búningadagur á Djúpavogi -

- 16:30-18:30 Myrkraball fyrir grunnskólanema í Við Voginn á vegum Foreldrafélags Grunnskóla Djúpavogs
- 19:00 Sviðaveisla á Bragðavöllum

Við Voginn: Hrollvekjupema í kökuborðinu alla dagana. Alls konar skelfilegt í boði.

Hótel Framtíð - Uppbrot á matseðli alla dagana. Betur auglýst síðar!

Kjörbúðin verður með fullt af tilboðum og sérstakt tilboð á völdum kertum.

30. október til 4. nóvember. Gshrepps á Dögum myrkurs

Laugardagur 3. nóvember

- 11-14:00 Hrekkjavökubrunch í Við Voginn
 11-16:00 Geislar í Gautavík. Opíð hús í Gautavík - kynnist starfseminni og nýjum ábúendum. Sýningin "Óður til ljóssins" verður til húsa í hlöðunni en verslunin er í vélaskemmunni.
 16:30 Hrekkjavaka í Hálsaskógi. 8.-10. bekkur býður í kaffiboð í Aðalheiðarlundi.....ef þú þorir
 18:30 Grikk eða gott? Eftir Hrekkjavöku í Hálsaskógi á vegum Foreldrafélags leikskólans.

Sunnudagur 4. nóvember

- 11-16:00 Geislar í Gautavík. Opíð hús í Gautavík - kynnist starfseminni og nýjum ábúendum. Sýningin "Óður til ljóssins" verður til húsa í hlöðunni en verslunin er í vélaskemmunni.
 13:00 Tankurinn. Þjóðlög flutt af Berglind Einarsdóttur
 16:30 Hlíðarendaklettur. Ljósaganga Kvenfélagsins Vöku
 17:00 Olnbogi. Vardeldur Björgunarsveitarinnar Báru
 21:00 Stjörnuskodun með Lilju. Mæting við fuglaskoðunarhúsin við Fýluvog

Ljósmyndasamkeppni Daga myrkurs - keppnin hefst í byrjun dags 30.okt.og lýkur á miðnætti 4.nóv. þegar Dögum myrkurs lýkur. Þemað er **drungi**. Hver keppandi má að hámarki senda 3 myndir í keppnina. Myndir sendist til gretamjoll@djupivogur.is og með þeim má fylgja titill hverrar myndar. Vegleg verðlaun í boði!

Hræðilegasta húsið á Djúpavogi - skreytingakeppni. Drungalegustu húsin á Dögum myrkurs fá sérstaka athygli og keppast um vegleg verðlaun.

RÚLLANDI SNJÓBOLTI /11, 2018

Í fimmta sinn vorum við þess heiðurs aðnjótandi að fá Rúllandi snjóbolta á Djúpavog. Opnunarhátíðin var 14. júlí og heppnaðist vel. Forseti Íslands var heiðursgestur og kom á Djúpavog ásamt fjölskyldu sinni og bílstjóra. Sendiherra Kína á Íslandi kom einnig ásamt samstarfsfólki sínu og hélt eftirminnilega ræðu á íslensku. Söngkonan Lay Low spilaði og söng fyrir gesti. Beljandi brugghús var rausnarlegur nágranni og bauð upp á bjór úr brugghúsi sínu. Kvenfélagskonur vöktu mikla athygli og gleði og kátínu og steiktu lummur á lummugrillinu góða. Sýningin var svo formlega opnuð af forseta Íslands, Gauta Jóhannessyni sveitarstjóra, Jin Zhijian sendiherra Kína og Ineke Guðmundsson. Í framhaldinu var listamaðurinn Bill Aitchison með eftirminnilegan gjörning og í kjölfarið framkvæmdi Erling Klingenberg gjörning sinn á opnunarhátíðinni.



Rúllandi snjóbolta er samtímalistasýning og samstarfsverkefni Djúpavogshrepps og CEAC (Chinese European Art Center) í Xiamen, Kína. CEAC er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1999 af Ineke Guðmundsson með fjárhagslegum stuðningi eiginmanns hennar, Sigurðar Guðmundssonar listamanns. Óhætt er að segja að sýningin hafi vaxið ár frá ári, bæði hvað varðar fjölda sýnenda og fjölda gesta. Verkefnið er því komið til að vera og mun verða til þess að efla samstarf milli skapandi listamanna í Evrópu, Asíu og víðar, sem og veita Austfirðingum og Íslendingum tækifæri til að virða fyrir sér samtímalist fremstu listamanna heimsins á Djúpavogi. Eitt af markmiðum CEAC er að stuðla að menningarlegum samskiptum milli Kína og Vesturlanda. Stofnunin hefur í gegnum árin kynnt bandaríska, kanadíska, ástralska og íslenska listamenn í Kína. Þessi kínversk-evrópska listamiðstöð er löngu orðin þekkt í kínverska og evrópska listaheiminum og hefur staðið fyrir mörgum, stórum sýningum í Kína.

Það er talsvert átak fyrir lítið samfélag með um 460 íbúum, að hýsa eina stærstu samtímalistasýningu Íslands. Þá þarf margar hendur til verka og þær eru ekki sjálfgefnar. En samfélagið hér gerir það leikandi. Þannig er andinn á Djúpavogi. Hér hjálpar fólk hvert öðru í hvívetna. Hver einstaklingur skiptir miklu máli, ekkert væri hér án fólksins.



Á Djúpavogi hverfur enginn inn í fjöldann. Við leggjum rækt við það sem gerir okkur sérstök. Hér er ekki tekið á móti fólki sem ferðamönnum, heldur sem gestum og vinum. Því á það einstaklega vel við að halda listasýningu eins og Rúllandi snjóbolta. Þar fá listamenn að fara sínar einstöku leiðir í listsköpun, til að töfra fram eitthvað nýtt, eitthvað spennandi, eitthvað óviðjafnanlegt.

Listamenn frá öllum heimshornum koma saman í gamalli bræðslu. Hún er orðin að töfrandi sýningarrými í mögnuðu umhverfi þar sem risavaxin egg Gleðivíkur blasa við og fjölbreyttur fuglasöngur hljómar í fjallasal sem á engan sinn líka. Í þessum bræðslupotti þverstæðna verður til Rúllandi snjóbolta/11, Djúpivogur. Þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn þakka ég vel unna og dýrmæta vinnu.

Greta Mjöll Samúelsdóttir,
atvinnu- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps.

INNLEIÐING CITTASLOW Í DJÚPAVOGSSKÓLA - STIKLAÐ Á STÓRU.

Eins og mörgum er kunnugt þá fékk Djúpavogsskóli styrk úr Erasmus+ til að koma á tengslum við þrjá skóla í Orvieto á Ítalíu. Verkefnið hófst á því að stjórnendur leik- og grunnskóla, ásamt tveimur starfsmönnum fóru í heimsókn til Orvieto á Ítalíu, í janúar 2017. Þar var verkefnið formað og ákveðið að nemendur Djúpavogsskóla færu í skólaheimsókn til Ítalíu í skólalok sama ár. Unnið var að ýmsum sameiginlegum verkefnum í millitíðinni. Verkefnin gengu misvel sérstaklega meðan verið var að slípa tungumálin saman. Nemendur Djúpavogsskóla fóru svo til Ítalíu í maí 2017 og áttu góða daga með ítölskum vinum og fjölskyldum, en nemendur voru tengdir við ákveðnar fjölskyldur í Orvieto.

Í september komu stjórnendur, kennarar og fulltrúar frá Cittaslow á heimsvísu á Djúpavog. Óhætt er að segja að ferðin hafi verið eftirminnileg fyrir margra hluta sakir. Þarna mynduðust vinatengsl sem líklega munu standa langt út fyrir þetta verkefni. Á þessum dögum var Cittaslow Education formlega stofnað en það er ákveðinn angi af Cittaslow með áherslu á menntun. Á þessum dögum gekk líka mesta vatnsveður sem menn muna yfir landið, sérstaklega á suðausturlandi. Ítalarnir höfðu og hafa sennilega aldrei upplifað annað eins. Allar sprænur urðu veglegir lækir og Fossáin var eins og stjórfjót, þar voru sumir að sjá foss í fyrsta sinn. Þegar hópurinn lagði af stað heim var stutt í að hringvegurinn lokaðist og var Djúpavogsrútan með síðustu bílum yfir Mýrarnar áður en að vegur rofnaði, enda Steinunn Jóns undir stýri og vissi nákvæmlega hvað hún var að gera og brunaði með þau í gegnum óveðrið og kom þeim til Keflavíkur.

Veturinn gekk í garð og var notaður til að henda á milli hugmyndum og vinna að ákveðnum verkefnum og efla tengslin. Í maí 2018 fór svo fríður flokkur starfsmanna Djúpavogsskóla ásamt mökum og fylgifiskum til Orvieto í ógleymanlega ferð. Hópurinn fékk frábærar móttökur enda Ítalir gestrisin þjóð og gestrisni eitt af markmiðum Cittaslow. Hópurinn heimsótti skóla, tók þátt í menningarlegum viðburðum heimamanna, smakkaði mat úr héraði, styrkti vinaböndin, heimsótti höfuðstöðvar Cittaslow og naut sín í sólinni. Ítalarnir launuð okkur reyndar rigninguna með töluverðu vatnsveðri og akkúrat þá nótt sem hópurinn átti að fara með rútu út á flugvöll. Rútubílstjórinn svaf yfir sig og það var þreyttur hópur sem stóð á bílplani um miðja nótt í hellidembu og var farinn að reikna með að missa af flugi heim. En bílstjórinn vaknaði í tíma og eins og Steinunn, þá kom hann hópnum í tæka tíð á flugvöllinn.

Grunnskólanemendur frá Ítalíu komu svo ásamt kennurum sínum á Djúpavog á vordögum skólans sem eru í byrjun júní. Á vordögum er skólastarf brotið upp og nýtt í útiveru og vettvangsferðir. Nú voru veðurguðirnir með okkur í liði og það var brakandi blíða. Farið var með hópinn vítt og breitt um Djúpavogshrepp, klifrað upp að Snælandsfossi, synt í Tröllatjörn, heimsókn á Hvannabrekku, Teigarhorn og Þórunnborg sagði hópnum sögur af Tyrkjum og fleiru áhugaverðu.

Nemendur og kennarar voru í skjýjunum með ferðina og krakkarnir höfðu á orði að umhverfið í Djúpavogshreppi væri ævintýrlegt eins og í kvikmynd.

Það má segja að þessum hluta af ævintýrinu sé formlega lokið en verkefnið sem fékk styrk úr Erasmus+ var til loka skólaárs 2018. Skólarnir hafa samt sem áður fullan hug á því að vinna frekar saman og sækja um styrk að ári í næsta ævintýri.

Djúpavogsskóli ætlar að nota tímann í vetur og tengja Cittaslow inn á við, skoða hvort að hægt sé að endurskoða og laga skipulag og bæta ýmsa þætti í átt að hægð. Einnig munum við halda áfram að mæta Cittaslow hugmyndafræðina við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla. Hér í blaðinu má lesa um uppbyggingu sjálfsaga í Djúpavogsskóla og smellpassar það verkefni einnig við hugmyndir Cittaslow.

Þess má svo geta að Greta Mjöll vinnur að heimildamynd um Cittaslow innleiðingarferlið og vonandi er ekki langt þar til að sú vinna klárast og við getum séð ævintýrið á hvíta tjaldinu.

Í lokin vil ég segja að þetta er í fyrsta sinn sem ég tek þátt í svona skólaverkefni við annað land og upplifunin er miklu sterkari en ég bjóst við. Þetta er krefjandi og erfitt en svo ótrúlega gefandi. Það er engin efi í mínum huga að svona verkefni kemur inn á fjölmarga þætti skólastarfs. Ég vona að skólarnir í Orvieto og Djúpavogsskóli fái styrk til að halda þessari vinnu áfram og styrkja tengslin sem komin eru og jafnvel fái tækifæri til að bjóða fleirum með.

Obba



FRÁ LEIKSKÓLANUM

Á haustönn 2018 eru 32 börn í leikskólanum Bjarkatúni. Á Krummadeild eru 4 börn fædd 2017, á Kríudeild eru 17 börn fædd 2014 - 2016 og á Tjaldadeild eru 11 börn fædd 2013. Við erum með börn frá 4 löndum Póllandi, Honduras, Úkraínu og Íslandi. Alls eru 7 tvítyngd börn sem eiga ýmist báða foreldra frá þessum löndum eða annað.

Það starfa 8 kennarar inni á deildum, annað starfsfólk er í sérkennslu, afleysingum, þrífum og auk þess höfum við matráð og skólastjóra. Alls eru 13 starfsmenn í 11 stöðugildum, þar af eru 1 starfsmaður frá Póllandi og 1 kennari frá Úkraínu. Við leikskólann starfa 2 leikskólakennarar, 1 sérkennari, 1 grunnskólakennari, 1 nemi í leikskólakennarafræðum og 1 mannfræðingur.

Leikskólinn Bjarkatún er Grænfána-leikskóli og vinnur eftir hugmyndafræði Cittaslow og taka börnin virkan þátt í þeirri vinnu.

Síðasta sumar héldum við skógardag í Hálsaskógi þar sem leikskólabörnin mættu um morguninn með foreldrum sínum í Hálsaskóg og voru sótt þangað í lok dags. Morgunmatur, hádegismatur og hressing voru borðuð undir berum himni en góð aðstaða er í Hálsaskógi og klósett við hendina. Dagurinn fór í að kanna skóginn og byrjuðum við á því að elta trjákalinn sem var búin að naga timbur víða um skóginn og urðum við að rekja slóð hans eftir saghrúgum sem hann skildi eftir. Við kíktum í gegnum gatkletttinn og máluðum svo steina sem voru settir við göngustíginn. Börnin sýndu frumsamið leikrit, hlustuðu á söguna um dýrin í Hálsaskógi í litlu og mjúku mosarjóðri. Þau nutu þess að vera úti að leika sér í góðu veðri allan daginn. Við enduðum daginn á því að grilla banana með súkkulaði og fékk Kríudeild að kíkja í garðinn í Aski. Dásamlegur dagur og eitthvað sem við ætlum að gera aftur næsta sumar.



Fallegi leikskólinn okkar hefur aldeilis fengið upplýftingu. Hann var málaður að utan í sumar og að innan síðasta sumar. Gömlu rennibrautinni sem fylgdi okkur úr gamla leikskólanum var fargað og erum við nú að skoða hvað við viljum fá í staðinn. Í kringum rólurnar var þökulagt og lagað til í grasinu þar sem var búið að gera holur. Lóðin er miklu snyrtilegri og færri hættur.

Hópastarfið byrjaði af krafti um miðjan september og hafa Tjalda og Kríudeild verið í Lubbastarfi, hreyfingu, einingakubbastarfi, Grennd, Numicon (stærðfræðikennslu) og listakrök. Krummadeild er í könnunarleik og fer öðru hvoru í listakrök. Tvisvar í viku kemur Ágnes tónlistarkennari og fer í tónlist með börnunum. Á hverjum degi er farið í útiveru þar sem börnin njóta þess að leika sér á lóðinni við leikskólann.

Guðrún S. Sigurðardóttir
Leikskólastjóri í Leikskólanum Bjarkatúni

Kvennafrídagurinn

24. október

undir fullur tungli

Konur koma saman í Við voginn í léttar veitingar

Söngur, gleði og gamanmál

kl. 20:30

Gerum okkur góða kvöldvöku konur!

LITLU HLUTIRNIR

Djúpivogur er fallegur staður, hér er gott að búa og hingað þykir fólki gott að koma. Bænum er vel sinnt, hann er hreinn og finn og vel hirtur. Hér og þar í þorpinu má einnig finna litlu hlutina sem skipta svo miklu máli til að fegra umhverfið.

Elizabeth Gilbert, hamingjusérfræðingur og rithöfundur bókarinnar „Eat, Pray, Love“, leggur áherslu á mikilvægi þess að búa sér til umhverfið sem lætur okkur líða vel í og hentar okkur best. „Á endanum förum við öll sömu leið, en þangað til getum við lagt okkur fram við að vera á besta stað sem við mögulega getum, þar sem okkur líður vel“.

Litlu hlutirnir smita líka út frá sér. Litlu húsin hans Jóns í Bergholti vekja athygli og gleðja þá sem ganga framhjá líkt og lundarnir hans sem standa vaktina. Húsin hjá Kalla og Björgu í Skjólbrekku fá börnin til að staldra við á leiðinni heim úr leikskólanum og velta fyrir sér hversu margir álfar búi í hverju húsi. Göngutúr um garðinn hennar Önnu Sigrúnar í Hamrahlíð er ævintýri líkastur, þar sem hver steinn hefur augu og bílar eru búnir til úr trjáum. Svo er það Nína í Ösp. Hún er í sérflokki þegar kemur að því að bæta og kæta umhverfi Djúpavogsbúa. Nýverið fann hún gamalt hjól á ruslahaugnum sem ryðgað var fast. Hún henti á það grænni málningu, setti loft í dekin og fegraði það með blómum. Hjólinu kom hún svo fyrir á blettinum fyrir utan húsið sitt og hefur það vakið mikla kátínu íbúa, þó ekki sé talað um athygli ferðafólks. „Hjólið er ekki mín eign. Kannski er tilvalið að auglýsa eftir eigandanum hér með. Það væri gaman að vita hver átti þetta hjól“ segir Nína í léttu spjalli við Bóndavörðuna. Hún keypti ódýra potta í Ikea og festi á hjólið með steypustyrktarjárnri sem hún málaði í sama lit svo lítið færi fyrir því.



Nína kann svo sannarlega að fegra umhverfið sitt og segist ekkert hafa þurft að hafa mikið fyrir þessu. Kostnaðurinn var lítill en áhrifin á umhverfið eru mikil. Þetta er birtingamynd Cittaslow hugmyndafræðinnar í sinn í skýrustu mynd. Gamlir hlutir sem eru endurnýttir og fá nýtt líf gefa til baka og láta fólki líða betur, allt um kring. Nína er einnig búin að mála hjólbörur sem hún fann heilar og bekk sem hún segir vera gegnheilan en illa farinn. Með smá ást og umhyggju, málningu og slípun þá er von Nínu að þessi fallegi bekkur hvíli niðri í Blá þar sem ærslabelgurinn er vel sóttur.

Bóndavarðan vonast til að fleiri taki þetta fólk til fyrirmyndar og geri litlu hlutina í nærumhverfinu, svo bærinn okkar haldi áfram að blómstra.

FRÁ TEIGARHORNI



Það er komið kvöld og löngu kominn háttatími. Ég er út við Rauðalækjatanga og get bara ekki hætt leit minni að næsta steini. Þeir eru hverjum öðrum fállegri og það er engu líkara en maður verði dáleiddur í þessari fjársjóðsleit sem þó er stunduð með þeirri lágmarksvirðingu fyrir náttúrunni að ekki verður annað tekið heim nema minningar og örfáar myndir. Þó svo þetta kunni að vera hugarfar mitt gagnvart náttúrunni frá því ég var krakki þá er því miður ekki svo með alla þá gesti sem hingað koma að Teigarhorni. Djúpavogshreppur hefur tekið þá ábyrgu afstöðu að ráða landvörð í heilsárs landvörslu á Teigarhorni sem er friðlýst náttúruvætti og að hluta fólkvangur. Þessa afstöðu til náttúru og menningarmínja hefði þó mátt fyrir löngu færa til nytja hér sem víðar. Þó menn eins og ég sjái hér gull í hverju strái þá hefur gengið verulega á svæðið með auknum gesta fjölda. Óafturkræft brotnám þessara gersema á sér sjálfsagt jafn langa sögu og mannskepnan hefur stigið hér niður fótum.



Skáldið Jónasi Hallgrímssyni sem átti leið hingað um 1842 þ.e. tveim árum fyrr andlát sitt og lýsir staðháttum í dagbók sinni, þar sem hann kemur að helli nokkrum sem búið var að hreinsa. „,,nú hefur munninn verið rændur og rúinn, svo langt inn sem troðist varð“ lýsir hann einnig hvernig munnmæli um staðinn væru á þá leið að hingað væri litið til að slægjast eftir þar sem allt hafði verið tekið nú þegar.

Þegar ég skoða þessi undur jarðar sem búa í klettum og jarðmyndunum Teigarhorns, verður mér oft hugsað til uppruna þeirra, að getað fengið að fylgjast með fæðingu þeirra og æviskeiði væri stórmerkilegt.

Rétt eins og um okkur mannfólkið á hver steind sína sögu og ætla ég að stikla á stóru um uppruna og vöxt Heulandít og mótun þeirrar steindar sem er ansi algeng hér á Teigarhorni.

Nafnið á steind þessari er kennt við H. Hauland sem fyrstur er talinn hafa greint þessa tegund Zeolita frá öðrum. Eintakið sem hann hafði til þess kom einmitt frá Teigarhorni.

Stórkostlegar náttúruhamfarir áttu sér stað hér fyrir um 8 til 10 miljón árum þegar kjör aðstæður voru í mótun fyrir myndun Heulandít. Í fyrstu flaut ísúrt hraunið hér um. Hraun þetta hafði verið um nokkurt skeið undir jarðskorpunni og á þeim tíma innbyrgt eldra hraun og ýmis þau efni sem til þarf í sköpun síðsteinda.

Ísúrt hraun er komið af óhreinni kviku, ef svo má að orði komast. Þegar þrýstingi léttir af kvikunni við það að komast upp á yfirborðið þenst t.d vatn og önnur efni út og af þeim sökum myndast í því þessar blöðrur sem líkja má við loftbólur í seigfljótandi vökva. Um leið og sá vökvi harðnar sitja loftbólurnar eftir þar og þá gerast töfrarnir.

Grunnvatnið leysti síðar meir upp leirsteindir og sátu þær eftir í holum hraunanna og sjást í dag sem þunn græn eða bleik slíkja sem hylur loftrýmin að innan (Seladónít). Eldsambrotunum var þarna hvergi nærri lokið og lögðust hraunlögin hver af öðru ofan á þetta lag sem við sjáum í dag. Við þetta mynduðust nýjar aðstæður og fæðingarstaður Heulandít. Þungi jarðlaganna, sem nú voru hátt í 150 metra há mynduðu þrýsting og um leið meiri hita. Jarðhitavatnið leysti nú upp meira af efni og fleiri efnategundir úr ísúra berginu sem umlék staflann okkar. Þessar efnategundir söfnuðust saman í holum hraunanna og fyrstu skref Heulandít voru tekin. Þetta mun vera umrætt annað stig ummyndunar á Teigarhorni.

Það sem ef til vill varð til þess að eins mikið af steindum eru hér og raun ber vitni var þriðja og loka stigið. Á því stigi urðu hér mikil landsumbrot þar sem jarðskorpan klofnaði ítrekað neðan frá og upp um sprungur þessar æddi nýtt hraun sem við þekkjum sem bergganga í dag. Þetta nýja hraun gerði það að verkum að um svæðið flæddi nú aftur heitt vatn sem leysti upp þegar myndaðar steindir sem féllu svo aftur út og mynduðu nýjar steindir.



Með tíð og tíma hafa svo roföflin unnið þessa jarðlagsstafla niður og njótum við þeirra forréttinda að lifa á þeim tíma þegar þessi stafla stendur til sýnis. Eins og með aðrar sýningar þá verðum við að ganga vel um og hafa það í huga að skemma ekki sýninguna fyrir næstu gestum sem í þessu tilfelli eru komandi kynslóðir. Með orð Jónasar í huga, þá skulum við byrgja fyrir munnann þó rúinn sé og troðast ey lengra eftir hverfulu fé.

Rúnar Matthíasson
Staðarhaldari Teigarhorni
www.teigarhorn.is

Tónleikar á Havarí laugardaginn 17. nóvember kl. 21

Jónas Sigurðsson

Tílefni tónleikanna er ný plata; Milda hjartað sem kemur út á næstu vikum.

Jónas gefur líka út bók sem inniheldur texta við lögin á plötunni ásamt hugleiðingum hans, sem eins og margir vita, geta farið út í geim og til baka!

Ásamt Jónasi koma fram:

Arnar Þór Gíslason - Trommur

Ómar Guðjónsson - Gítar

Tómas Jónsson - Hljómborð

Forsala á midi.is

HAVARÍ



Heitt á könnunni frá kl. 8-16 í vetur.

Kökur, vöflur, bulsur, súpur og annað góðgæti.

Hagstæð gisting fyrir lúna og fótafúna ferðalanga.

BJÖRGUN ÚR SNJÓFLÓÐI 1923



Ingólfur Árnason og kona hans Stefanía Stefánsdóttir

vinnumaður hans, fóru að smala fénu saman. Þeir fóru inn fyrir féð í Afréttina, sem er vestan á Tungunni og innst í dalnum. Gangan gekk vel enda veður ágætt og smöluðu þeir Afréttina og áfram út eftir. Þegar komið er nokkuð út eftir dalnum er mikið framhlaup úr fjallinu, sem hefur komið fyrir þúsundum ára og kallast Höfði. Hann rís upp frá Hofsá og er mjög brattur og er gatan tæp framan í Höfðanum. Höfðinn er vel gróinn að framan og ofan. Áliðið var dags, þegar þeir komu með féð út eftir og farið að bregða birtu. Þegar þeir nálguðust Höfðann, fór Ingólfur heldur á undan fram með fénu, því hann vissi, að snjó hafði lagt framan í Höfðann. Er hann kom út að Höfðanum, var fé komið að skaflinum. Hann hugðist greiða fyrir því út yfir skaflinn. Undir nýja skaflinum var eldri skafl, sem var orðinn harður. Þegar hann kom að skaflinum brast hann og hljóp fram og tók Ingólf og kindur með sér niður og út á ána. Áin var á haldi, því frost hafði verið undanfarið. Þegar Jón kom á eftir fénu, hafði það runnið út yfir en hann sá hvergi Ingólf. Hann sá strax ummerkin eftir snjóflóðið, og að Ingólfur hefði lent í því. Hann fór niður eftir meðfram og kallaði en varð ekki var við Ingólf. Hann hafði ekkert í höndum og flýtti sér út í Markúsarsel, sem er líklega rúmlega klukkustundar gangur og svo strax út í Tunguhlíð, til þess að fá hjálp. Þar bjó Albert bróðir Jóns. Stefanía Stefánsdóttir, dóttir Bjargar húsfreyju í Tunguhlíð og fósturdóttir Alberts, var send út að Hofi. Albert fór með Jóni inneftir. Er Stefanía kom í Hof, fór Sveinn bóndi Sveinsson strax af stað inneftir til hjálpar. Sigurður Brynjólfsson frá Starmýri, var vinnumaður á Hofi. Hann var nýkominn úr göngu á Hofsdal. Hann fór út í Rannveigarstaði með beiðni um hjálp. Ragnar Pétursson, sonur Péturs Ragnarssonar bónda á Rannveigarstöðum, fór strax inneftir. Frá Rannveigarstöðum var sent út í Hærükollsnes, sem er fram af fjallinu milli Hofs og Múla. Páll bóndi Þorsteinsson fór í Múla, sem er austanvert við fjallið. Björn bóndi Jónsson hafði hesta á húsi. Stefán kennari Sigurðsson frá Reyðará í Lóni, var farkennari þennan vetur í Álftafirði. Hann var á Múla hjá Karli bónda Jónssyni. Hann fór með Birni á hestum í Markúsarsel. Hæg norðanátt var þetta kvöld og allbjart. Þó var ekki tungsljós en sá vel stjörnur.

Þegar Ragnar kom í Markúsarsel, voru þeir að fara inn túnið inn að Höfða, þeir Jón, Albert og Sveinn. Ragnar drakk einn kaffibolla og flýtti sér á eftir þeim inneftir. Hann kom jafnt hinum að snjóflóðinu. Þeir fóru niður á Hofsá, þar sem snjódyngjan lá. Við nánari athugun sáu þeir ydda á annan fótinn á Ingólfi og voru því fljótir að grafa frá honum. Annar fóturinn stóð svo til beint upp, en hinn var krepptur og eins hendurnar, svo hann gat ekki hreyft sig. Höfuðið vísaði niður og lá við ísinn á ánni. Snjórinn hafði sigið. Hann var farinn að bráðna og Ingólfur að blotna. Eins var með ísinn á ánni, hann var farinn að þiðna. Ingólfur var orðinn kaldur og stirður og blautur um mitti og herðar. Hann sá aðeins fram með fætinum og gat gert sér grein fyrir því að stjörnubjart var. Ragnar klæddi sig úr fötum og þeir drifu Ingólf í þurr og heit fót en Ragnar fór í blautu fötin. Þeir höfðu hann á milli sín og gengu undir honum á leiðinni út eftir. Ferðin út eftir gekk ótrúlega vel. Þegar þeir komu út í Markúsarsel, voru þeir Björn og Stefán að koma frá Múla. Ingólfur var strax háttadur ofan í rúm og hlúð að honum eftir bestu getu. Hann lá eina viku eftir hrakninginn í snjóflóðinu. Ingólfi varð ekki meint af volkinu. Hann mun hafa verið í snjónum í um 7 til 8 klukkustundir og var komið nær miðnætti þegar í Markúsarsel var komið.

Ragnar var eina viku í Markúsarseli, meðan Ingólfur var að jafna sig. Við athugun kom í ljós, að ein ær og eitt lamb hafði lent í snjóflóðinu og drepist. Ingólfur var bóndi á Flugustöðum frá 1928 til dauðadags, 2.3. 1973 og varð 77 ára gamall. Kona Ingólfs var Stefanía Stefánsdóttir frá Tunguhlíð. Þau eignuðust 7 börn og eru 6 á lífi og mörg barnabörn. Stefanía lést 84 ára, 2.3.1992.

Heimildir:
Kennaratal,
og að mestu eftir sögn
Ragnars Péturssonar.

Tekið saman af Kristínu Friðriksdóttur, Flugustöðum.

FRÁ UNGMENNAFÉLAGINU NEISTA

Ungmennafélagið Neisti hefur sem endra nær haft í nógu að snúast síðustu misserin. Ber þar helst að nefna nýja og veglega aðstöðu í Blánni sem hefur fengið óformlega nafnið Neistahöllin. Um er að ræða gamla golfskálann sem Djúpivogshreppur festi kaup á og flutti á Neistavöllinn. Aðstaðan er mikil búbot fyrir allt starf Neista og þar með samfélagið í heild sinni.

Höllin var formlega vígð þann 17. júní 2018 við hátíðlega athöfn, þar sem Gauti Jóhannesson sveitarstjóri og Pálmi Fannar Smáráson formaður Neista klipptu borðann í sameiningu og opnuðu húsið fyrir notkun.

Það er ljóst að húsnæðið mun nýtast vel fyrir starfsemi Neista og spennandi verður að sjá hvernig þessi viðbót mun bæta starfseminu í framtíðinni.

Um mikið verk var að ræða og vill Neisti nýta tækifærið og þakka sveitarstjórn, smiðum og öðrum verkamönnum ásamt sjálfbóðaliðum kærlega fyrir alla sína vinnu við að láta þetta verða að veruleika.

Árið 2019 mun Neisti fagna 100 ára starfsafmæli en félagið var stofnað í febrúar 1919. Við í Neista erum því í óða önn að skipuleggja flotta dagskrá og viðburði í tengslum við aldar afmælið. Stefnt er að því að bæta aðstöðu til íþróttaíðkunar í bænum til muna með kaupum á búnaði og fagna þar með afmælinu með pompi og prakt. Einnig er í kortunum að standa fyrir 100 ára afmælisveislu í febrúar á næsta ári þar sem öllu samfélaginu verður boðið í veislu og saga Neista rakin í orðum og myndum.



Neistahöllin í Blánni

Þessir viðburðir eru eins og gefur að skilja á undirbúningsstigi en við í Neista erum spennt fyrir því að kynna ýmsar nýjungar á árinu ásamt hinu hefðbundna góða starfi sem unnið er af alúð ár frá ári.

Skráning í íþróttirnar er lokið og þátttaka er með besta móti. Það er ljóst að Djúpivogur er mikill íþróttabær og hér er yfirgnæfandi meirihluti barna á grunnskólaaldri skráð í einhverjar af þeim íþróttum sem Neisti býður upp á. Þessu ber að fagna og er til marks um þann mikla þrótt sem býr í brjósti bæjarbúa og barna þeirra.

Nú í haust tóku til starfa nýjir þjálfarar hjá Neista. Guðmundur Helgi Stefánsson sér um að þjálfa fótbolta og frjálssar íþróttir. Hera Líf Liljudóttir og Ester Sigurðardóttir munu svo sjá um sundþjálfun í afleysingum fram að áramótum. Þá mun Hera Líf taka að sér alla þjálfun í sundi út það starfsár. Stefnt er að því að sundþjálfun hefjist ekki seinna en 15. október og enn fyrr ef kostur gefst.

Það er bjart yfir Neista. Ég vil þó brýna fyrir bæjarbúum að ungmennafélög eru fyrst og fremst rekin af samfélaginu. Þetta er gagnkvæmt samband. Þegar samfélagið hleypur undir bagga og tekur virkan þátt í starfsemi og viðburðum Neista blómstrar félagið. Ef áhuginn dvínar þá líður Neisti fyrir það. Það er undir okkur öllum komið að tryggja að Neisti haldi áfram um ókomna tíð að starfa af krafti fyrir samfélagið. Tökum saman höndum og stefnum hátt!

Áfram Neisti!

Fyrir hönd Neista,
William Óðinn Lefever, framkvæmdastjóri Neista.

Dagar myrkurs eru 30. okt - 4. nóv. Þorir þú?

BÖKKUM GÓÐAR MÓTTÖKUR!

Við vorum meðin um að skrifa smá kynningu á okkur nýbúunum í Gautavík.

Við hjónin erum bæði fædd í Reykjavík. Pálmi ólst upp á Kópavogsbrautinni en ég á Reykjavíkursvæðinu, lengst af í Seljahverfinu. Átta ára gamall var Pálmi sendur í sveit í Suðursveitina. Þar líkaði honum svo vel að eftir þriðja sumarið ákvað hann að setjast þar að. Ég fór í Háskólann á Bifröst um títugt og hef oft talað um að þar hafi ég virkilega lært að meta náttúruna. Þaðan útskrifaðist ég árið 1998 með B.S. gráðu í viðskiptafræði og fór síðar í mastersnám þangað í alþjóðaviðskiptum (fjarnám). Pálmi útskrifaðist frá The Design Academy Eindhoven í Hollandi með B.S. gráðu í iðnhönnun árið 2000.

Við kynntumst árið 1998 hjá fyrirtækinu Össuri hf. þar sem Pálmi starfaði í 18 ár en ég í tíu. Pálmi sem verkefnastjóri og vöruhönnuður og síðar deildarstjóri þróunardeildar, en ég sem vörustjóri og síðar deildarstjóri vörustjórnunar, markaðs- og almannatengsla og viðskiptaþróunar. Árið 2003, stuttu eftir að við giftum okkur, fluttum við á vegum Össurar til Suður-Kaliforníu til að starfa fyrir dótturfélagið Össur Americas. Þar bjuggum við í 7 ár og eignuðumst bæði Róbert Björn (2006) og Brynjar Örn (2008) og bjó sonur Pálma, Gísli Jóhann (1990), hjá okkur hluta tímans.

Á árunum 2008-2009 byggðuðum við okkur bústað í Kjósinni sem við nýttum í fríum á Íslandi og fórum svo í hvenær sem tækifæri gafst eftir að við fluttum heim í lok árs 2010, enda leið okkur alltaf best þar. Árið 2014 fæddist svo örverpið okkar, hann Sævar Kári.

Fljótlega eftir heimkomuna stofnaði Pálmi fyrirtækið okkar Geislar hönnunarhús sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á gjafavörum, minjagripum og módel leikföngum, ásamt því að bjóða upp á skurðarþjónustu og hönnunarráðgjöf. Við heimkomuna hafði ég þegar hafið störf innan matvæla- og heilsugeirans þar sem ég hef alið manninn síðan, lengst af sem framkvæmdastjóri heildsölnunar Yggdrasill sem sérhæfði sig í lífrænum- og heilsuvörum. Þegar fyrirtækið var selt árið 2016 gerðist ég sjálfstæður ráðgjafi á sviði matvæla og landbúnaðar. Sem ráðgjafi hef ég m.a. unnið fyrir Krónuna, Íslandsstofu, Matarauð Íslands og Icelandic Lamb, skrifað greinar í Bændablaðið og sit í stjórn Vottunarstofunnar Tún og Landbúnaðarklasans.

Við fórum fyrst að ræða að flytja út í sveit upp úr 2012 enda bæði miklir náttúruunnendur. Pálma hafði líka alltaf langað til að verða bóndi, fór m.a. eitt ár á Hvanneyri og var með allskyns sjálfbærni hugmyndir sem hann kynnti undir heitinu Edengarðar Íslands og síðar Fiskaland.is. Ég var þó ekki alveg tilbúin til að taka stökkið á þeim tíma en við skoðuðum þó nokkrar jarðir, m.a. í Eyjafirði og Skagafirði og vorum með allskyns pælingar.

Á föstudegi í lok apríl sl. sendi Pálmi mér slóð á jörðina Gautavík. Ég kíkti á hana og spurði hann hreint út hvort hann ætlaði með mig í langt-í-burt-istan og hugsaði ekki um það meir! Seint á sunnudagseftirmiðdegi sömu helgi, þegar við vorum á leið heim úr bústaðnum, bað hann mig að kíkja aftur á þessa jörð - gefa henni annan séns. Ég gerði það og þá bara small eitthvað í hausnum á mér; þetta var málið! Jörðin hafði allt sem okkur hafði dreymt um; bæði hvað varðar umhverfið og húsakostinn og eins varð mér ljóst að nú var rétti tíminn kominn til að taka þetta stökk sem ég hafði verið svo rög við að taka.

Skemmst er frá því að segja að rétt rúmri viku (7 dögum) síðar vorum við búin að setja húsið okkar í Kópavoginum á sölu og samþykkja bindandi kauptilboð í það, fara hingað austur til að skoða jörðina, skólana og fleira - þ.m.t. fara í bingó á Djúpavogi þar sem við hittum mörg ykkar - og gera bindandi kauptilboð í Gautavíkina. Rúmum 7 vikum síðar lögðum við svo af stað austur, nýbúin að skrifa undir kaupsamninginn vegna Geislalindarinnar - þar sem við höfðum búið í rúm 7 ár!

Við fengum Gautavíkina formlega afhenta þann 1.7. og höfum því búið hér í rúma þrjá mánuði. Þó væntingar hafi verið miklar má segja að dvölin hér hafi verið umfram væntingar að flestu leyti og hefur það ekki síst haft með það að gera hversu vel okkur hefur verið tekið af samfélaginu og hve velkomin okkur hefur fundist við vera. Eins hafði það mikið að segja hvernig fyrri eigendur skiluðu eiginni af sér sem var til mikillar fyrirmyndar.

Það hefur gengið vel að koma sér fyrir, þó verkefnin hafi verið og séu enn ærin. Sem dæmi lagði Pálmi nýlega lokahönd á að koma



Fjölskyldan í Gautavík



Sævar Kári, 4 ára í Gautavíkurból þar sem happatalan 7 er í forgrunni

upp almennilegri verslun í vélaskemmunni sem hýsir Geisla. Þar geta þeir sem eiga leið hjá keypt vörur af okkur beint, en annars eru þær seldar í verslunum um land allt, þ.m.t. í Bakkabúð.

Hvað búskapinn varðar þá verðum við með sauðfé (fengum 27 gimbrar og 3 hrúta þarsíðustu helgi frá Hofi í Öræfum) og hænur og mögulega fleiri húsdýr í framtíðinni. Við ætlum að stunda inni- og útiræktun á grænmeti og ávöxtum og hugsanlega einhverja ferðapjónustu. Við sjáum einnig fyrir okkur að stunda bæði skot- og fiskveiði. Markmiðið er að verða sem mest sjálfbær um mat og selja það sem umfram er beint frá býli.

Við hlökkum til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á því frábæra samfélagi sem Djúpvogshreppur er!

Með kærri kveðju,
Gautavíkurgengið,
Oddný, Pálmi, Róbert, Brynjar og Sævar

P.S. Hvað finnið þið margar 7-ur í textanum sem er happatalan mín?

SKÓLAR Á GRÆNNI GREIN

Grænánaskólar (Eco-Schools) eru alþjóðlegt verkefni sem menntar milljónir nemenda í 67 löndum víðsvegar um heim í sjálfbærni og umhverfisvernd. Verkefnið byggir á lýðræðismenntun og getu til aðgerða. Verkefnið hefur það að markmiði að bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku ásamt því verðuga markmiði að efla samfélagskennd innan skólans. Skrefin í átt að vitundarvakningu einkennast af verkefnavinnu, fundum og fræðslu. Í hverjum mánuði er unnið með þema en ákveðin skilyrði þarf að uppfylla til að hljóta Grænánann. Þema sem er unnið með yfir veturinn eru, *neysla og úrgangur, hnattrætt jafnrétti, landslag og áttahagar, lýðheilsa, náttúruvernd, vatn og orka, loftlagsbreytingar og samgöngur og svo loks vistheimt*.



Til að fá að flagga Grænánanum þurfa skólar að stíga sjö eftirfarandi skref. Gott er að miða við að ferlið taki um tvö ár. Skrefin eru;

1. Að mynda umhverfisnefnd
2. Taka mat á stöðu umhverfismála í skólanum
3. Markmiðssetning
4. Hafa stöðugt eftirlit og endurmat á gangi mála
5. Sameina markmið við aðalnámsskrá
6. Upplýsa aðra og fá nærsamfélagið með
7. Að gera umhverfissáttmála

Leikskólinn Bjarkatún hefur gengið vel að stíga þessi sjö skref og fékk leikskólinn fánann í þriðja skiptið þann 11. desember s.l. Elstu nemendur skólans vinna með verkefnastjóra og kennurum skólans, fá fræðslu og taka virkan þátt í að kynna sér markmið landverndar og kynna það fyrir yngri nemendum í samverustundum. Verkefnið er yfirgripsmikið og varpar ekki aðeins ljósi á málefni er varða úrgang, flokkun og orkugjafa heldur einnig hjálparstarf og líkamsvirðingu.

Í Desember 2017 tók Bjarkatún þátt í hjálparstarfinu Jól í skókassa og fóru nokkrir kassar af nytjahlutum og hreinlætisvörum til barna í Úkraínu. Foreldrar jafnt sem börn tóku þátt í að fylla kassana og verður aftur tekið þátt í ár.

Í vetur verður grænánastarfið með svipuði sniði og s.l. ár en bætt við fundum bæði hjá starfsfólki og nemendum og fá börnin ítarlegri fræðslu. Reynt verður að sporna við plastnotkun og á fundum er börnunum skipt í umræðuhópa í stað skriflegrar verkefnavinnu. Starfið tvinnast við bæði Cittaslow hugsjón um sjálfbærni og einnig við hópastarfið Grennd, sem snýr að því að skoða sitt nærsamfélag. Grennd er áhugavert hópastarf sem snýr að því að fara í gönguferðir, taka myndir og skoða allt milli himins og jarðar. Í þessum gönguferðum er gjarnan týnt rusl, skoðuð gömul hús og farnar fjöruferðir svo eitthvað sé nefnt. Við erum rosalega stolt af okkar framtaki í náttúruvernd og vonumst til að það skili sér sem mest út í samfélagið.

Krakkarnir völdu slagorðið: Byrjum að plokka svo að flokka.

Guðný Klara Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri Grænánastarfs í Leikskólanum Bjarkatúni

„ÞEGAR MAÐUR SÉR ÁRANGUR ER GAMAN AÐ HALDA ÁFRAM“

Hjónin Sigrún Snorradóttir og Guðmundur Eiríksson, ábúendur á Starmýri I í Álftafirði, fengu í vor landgræðsluverðlaunin fyrir uppgræðslustarf á jörðinni frá árinu 1995. Austurglaugginn heimsótti Sigrúnu og Guðmund í sumar og gaf Bóndavörðunni góðfúslegt leyfi til að birta viðtalið í bjarblaði Djúfavogsbúa. Sigrún og Guðmundur sýndu glöð afrakstur margra ára vinnu og ræddu hvernig landgræðslan fer saman við sauðfjárræktina.

„Landgræðslan bauð bændum styrki til uppgræðslu í gegnum átakið Bændur græða landið. Nágrannarnir komu að orði við okkur hvort við vildum ekki prófa. Þeir sáu á undan mér að þetta stæði til boða. Við höfðum í og með áhuga á að fara í uppgræðslu en styrkir Landgræðslunnar voru það sem kveiktu í okkur að fara út í þetta,“ segir Guðmundur. Þríbýlt er á Starmýrarjörðinni en Sigrún og Guðmundur voru þau sem úthaldið höfðu í landgræðsluna. „Við vorum fyrst saman, bærirnir þrír. Svo fluttu ábúendur á öðrum þeirra burtu og hinir fóru í skógrækt. Við höfum því eiginlega staðið ein eftir. Við hættum reyndar með þau svæði sem við byrjuðum fyrst á, þau voru lengst frá okkur. Okkur fannst eðlilegra að byrja nær bænum.“

Við sitjum þrjú í stofunni við glugga sem snýr til hafs. Blái liturinn er því áberandi í landslaginu, í hafinu og himninum, þennan daginn en við horfum líka upp á svartan sandinn og grængula gróna mela.

Veitti ekki af að styrkja gróðurinn

Sigrún og Guðmundur hófu búskap á jörðinni árið 1983. Sigrún er þar fædd og uppalin en Guðmundur er frá Vík í Lóni. Þau hófu búskap með milli 300 og 400 kindur en stækkuðu við sig þegar nágrannarnir á Starmýri III fluttu í burtu, keyptu jörðina og fjölgðu þegar mest var upp í 600 kindur. Þeim hefur aðeins fækkað síðustu ár. „Jörðin var orðin of lítil miðað við búskaparhætti, það var of þröngt miðað við þann fjárfjölda sem við þurftum að vera með til að lifa af,“ útskýrir Guðmundur. Sem fyrr segir var það árið 1995 sem þau hófu uppgræðsluna. „Það veitti ekki af. Hér var mikið af berri jörð, víða berir melar og mikill mosi. Okkur fannst gott ef það væri hægt að styrkja gróðurinn eitthvað,“ segir Sigrún.

Einn vandræðablettur á tugum hektara

Aðspurð svara þau að þau séu ekki viss um hversu mikið land hafi verið grætt upp á jörðinni. „Ég hef eiginlega ekki hugmynd um hvað það er orðið stórt. Þetta eru einhverjir tugir hektara,“ svarar Guðmundur. Almennt hafi uppgræðslan gengið vel en einn blettur á svæði skammt fyrir innan bæinn reyndist erfiður. „Lengi vel var alveg sama hvað reynt var þar, það gerðist ekki neitt. Svo byrjuðu að koma gróðurblettir þar og þá náði gróðurinn sér fljótt á skrið,“ segir Guðmundur.

Uppskriftin að uppgræðslunni er ekki flókin, notast er við fræ og tilbúinn áburð. Á sum svæðin hefur einnig verið borinn skítur og eins hefur verið notað moð og heyrusl. Árangur moðsins sést til dæmis í melunum sem eru milli Starmýri I og II og blasa við þegar keyrt er í hlað hjá Sigrúnu og Guðmundi. „Yfirleitt hefur gengið vel og áburðargjöfin verið fljót að skila árangri. Oftast dugar að fara eina ferð með fræ og áburð. Það þarf ekki svo mikið, 150 kg á hektara. Það vantar greinilega bara smá næringu til að ná gróðrinum af stað,“ segir hann.

Nauðsynlegt að halda gróðrinum við

Samstarfið gengur þannig fyrir sig að Landgræðslan leggur til áburð en bændurnir flutninginn á honum, tæki, land og vinnu. Landgræðslan aðstoðar einnig við skipulagningu svæðanna og áburðarvalið. Bæði eru sammála um að samstarfið við stofnunina hafi gengið vel.

En þótt búið sé að ná gróðrinum af stað þarf að sinna honum áfram með því að bera reglulega á hann. „Grasið verður voðalega mórautt og dauðlegt að sjá ef alveg er hætt að setja á það áburð. Þá eru haustlitir á því allt sumarið. Það vantar greinilega eitthvað í næringuna til að halda grasinu nógu vel við. Við skiptum því á milli ára að bera á svæðin til að halda þeim við,“ útskýrir Sigrún.



Sigrún Snorradóttir og Guðmundur Eiríksson, ábúendur á Starmýri I.
Mynd: Austurglaugginn/Gunnar Gunnarsson



Mynd: Austurglaugginn/Gunnar Gunnarsson

Víðaða hefur gróðurinn haldið áfram að nema ný svæði út frá þeim sem grædd eru upp. „Það er greinilegt að landið er að gróa upp þótt ekkert sé gert fyrir það,“ bætir hún við.

Má ekki fækka í sveitunum

Þau benda á, að hlýnandi loftslag og að vetrarþing sé úr sögunni, hjálpi gróðrinum. Á móti hafa svæðin sem grædd eru upp aldrei verið girt af þannig að sauðfé getur valsað um þau að vild. „Uppgræðslan skilar árangri þrátt fyrir þetta. Það er svo sem ekki svo margt fé á svæðinu, þetta væri kannski öðruvísi ef landið væri þétt setið,“ segir Guðmundur.

Eins og í mörgum öðrum sveitum hefur bæði búum og fé fækkað í Álftafirði. „Hér voru tuttugu jarðir þegar ég var að alast upp, nú eru eftir sex eða sjö bændur,“ segir Sigrún.



Mynd: Austurglaugginn/Gunnar Gunnarsson



Mynd: Austurglaugginn/Gunnar Gunnarsson

áfram,“ segir Sigrún.

En það var ekki þráin eftir verðlaunum og viðurkenningu sem rak þau áfram. „Það kom mér í opna skjöldu að fá verðlaunin. Aldrei hefði mér dottið í hug að ég fengi verðlaun fyrir það sem ég er að gera. Það er hlutur sem ég bjóst ekkert við,“ segir Guðmundur.

Úr umsögn um landgræðsluverðlaunin

„Árið 1995 markar ákveðin þáttaskil í uppgræðslu lands á Starmýri en þá tóku bændur á Starmýrabæjum sig saman og hófu í félagi uppgræðslu mela með kerfisbundnum hætti undir merkjum verkefnisins Bændur græða landið. Það uppgræðslustarf hefur haldist nær óslitið síðan þó að hin síðari ár hafi aðstæður breyst á nágrannabæjum og verkefnin einskorðast við elju og áhuga þeirra hjóna á Starmýri l.

Mest er um uppgræðslu á víðáttumiklum melum, þar sem mikið er af lausu efni, að uppistöðu úr líparíti, en einnig hefur verið lögð áhersla á að græða upp rofðila og rofabörð. Mest hefur verið notaður tilbúinn áburður, oft með fræi, en auk þess hafa þau lagt melunum til talsvert magn lífræns áburðar. Mörg árin hefur allt það sem til fellur á búinu verið notað til uppgræðslu erfiðustu melanna. Starfið ber allt merki mikillar natni, umhyggju fyrir landinu og metnaði í uppgræðslustarfinu.

Nú hafa allstór svæði á Starmýri verið grædd upp, svo eftir er tekið. Frumkvæði bændna á Starmýri l hefur verið hvatning til annarra landeigenda á svæðinu. Þau hjónin hafa rutt brautina fyrir eftirtektarverðan árangur í landgræðslu í sinni heimasveit. Þau hafa ekki hátt um sín verk og um Guðmund hefur verið sagt, og vitnað í Hallgrím Pétursson, „Lítillátur, ljúfur og kátur“.

Fækkun bændanna hefur mikil áhrif á þá sem eftir eru. „Landið er jafn stórt og rollurnar fara um allt fyrir því. Það er vont upp á smalamennskur þegar orðið er strjálbýlt. Útlitið í sauðfjárræktinni er slæmt ef það þarf að fækka mikið, það má ekkert fækka í sveitunum,“ heldur hún áfram.

Uppgræðsla og sauðfjárrækt fara vel saman

Beit fyrir kindurnar er einn af þeim kostum sem þau sjá við landgræðsluna en hluti landsins nýtist fyrir féð þegar það er komið heim á haustin. „Hér fyrir ofan bæinn höfum við komið upp beitarhólfi sem við notum á haustin,“ segir Guðmundur. „Skepurnar hafa haft það eitthvað betra,“ bætir Sigrún við.

Þeirra upplifun er því sú að landgræðsla og sauðfjárbætt geti vel farið saman. Þau segja að í nærumhverfinu sé jákvæðni í garð landgræðslu. Lengra frá heyrir þau frekar raddirnar um að landgræðsla og sauðfjárrækt fari ekki saman.

„Sumir hafa haldið því fram að bændur græði ekkert upp. Það er leiðinlegt að heyra í fólki sem hefur enga þekkingu á því sem það er að tala um, en það kemur fyrir á mörgum sviðum. Þetta heyrir helst frá þeim sem lengra eru frá,“ segir Guðmundur.

Mikill munur á ásýnd landsins

Fleiri kostir eru þó við uppgræðsluna en aukið beitarland. „Það er mikill munur á ásýnd landsins. Það er skemmtilegra að landið líti svona vel út. Manni líður betur með það. Maður vill skila landinu í betra ástandi en það var,“ segir Sigrún.

Veðurfarið hefur líka aðeins breyst. „Það fýkur ekki lengur grjóti á húsið eins og það gerði. Áður en melirnir næst bænum voru græddir upp fáu úr þeim. Maður heyrði stundum þegar grjótið buldi á bænum,“ segir Guðmundur.

Þau halda líka áfram að bæta nýjum svæðum við uppgræðsluna. „Þegar maður sér árangur er gaman að halda

UPPBÝGGING SJÁLFSAGA / UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

Dagana 10. og 11. ágúst sl. fengu starfsmenn Djúpavogsskóla í heimsókn tvo námskeiðshaldara frá verkefninu “Uppeldi til ábyrgðar”. Þær Fanney og Elín dvöldu hjá okkur í tvo daga og kenndu okkur leiðir til að taka fyrstu skrefin í að innleiða þessa hugmyndafræði inn í skólann. Meginmarkmið með innleiðingunni er að hjálpa nemendum og starfsfólki að nota aðferðir til að takast á við daglegt líf í skólanum þannig að allir verði alltaf “besta útgáfan af sjálfum sér.” Að við áttum okkur á því að eina manneskjan sem við getum í raun stjórnað erum við sjálf og að við berum alltaf ábyrgð á eigin hegðun og viðbrögðum við hegðun annarra. Ef við þekkjum þarfir okkar (sjá hér að neðan) og kunnum að hafa stjórn á okkur sjálfum, þá eigum við að geta leyst eigin vandamál.

Og leiðin að þessum markmiðum er að byggja upp sjálfsaga. Sjálfsagi í stuttu máli er þegar við lærum að bregðast vel og rétt við aðstæðum, eða einhverju sem er sagt við okkur. Sjálfsagi gefur þol til að þrúka, sama hvað gengur á. Um er að ræða hæfnina til að standast þrautir og erfiðleika, hvort sem um er að ræða líkamlega, tilfinningalega eða andlega. Sjálfsagi er förunautur viljastyrks en hann má skilgreina sem hæfnina til að sigrast á leti og frestunaráráttu ásamt hæfninni til að stjórna eða hafna ónauðsynlegum eða skaðlegum hvötum. Viljastyrkur er að taka ákvörðun og fylgja henni eftir af þrautseigju þangað til skilgreindum ætluðum árangri hefur verið náð. Um er að ræða innri styrk sem sigrar löngunina til að tapa sér í ónauðsynlegum og tilgangslausum venjum. Innri styrk sem vinnur bug á tilfinningalegri og andlegri andstöðu okkar við að gera eitthvað í málinu. Viljastyrkur er einn af hornsteinum árangurs. Hægt er að auka hann með því að æfa sig í að halda aftur af sér og leyfa ekki léttvægum, ónauðsynlegum og óheilbrigðum hugsunum, tilfinningum, aðgerðum og viðbrögðum að koma fram. Hægt er að þjálfar viljastyrk á sama hátt og við þjálfum og styrkjum vöðvana okkar í líkamsræktinni.

Háleit markmið – ekki satt? Við munum að sjálfsögðu gefa okkur góðan tíma í innleiðinguna og taka þetta nýja inn í litlum skömmtum. Í breytingastjórnun er talað um að það taki 3-5 ár að innleiða nýja siði og það er sá tími sem við gefum okkur. Við erum því ekki formlegur Uppbyggingarskóli, heldur stendur innleiðingin yfir næstu árin.

Til að aðstoða starfsfólk og nemendur við að verða bestu útgáfurnar af sjálfum sér þurfum við að þekkja einstaklingana vel og skilja af hverju ákveðin hegðun / orðræða er sprottin. Allir þurfa því að fara í gegnum ákveðna þarfagreiningu þar sem hver einstaklingur er “kortlagður”. Í þessum fræðum er talað um að það séu fimm grunnþarfir:


Sú fyrsta er Öryggi (**hús**). Til þess að geta blómstrað í lífinu þurfum við eiga húsaskjól, hafa aðgang að mat, fá nægan svefn, eiga fót og hafa góða heilsu.

Önnur er Áhrif (**stjarna**). Grunnþættir eru: Færni, röð og regla, ávinningur, mikilvægi

Sú þriðja er Frelsi (**flúðild**). Grunnþættir eru: Val, sköpun, sjálfstæði

Fjórdi er Gleði (**blaðra**). Grunnþættir eru: Ánægja, hamingja, hlátur

Og sú fimmta er að Tilheyra (**hjarta**). Grunnþættir eru: Ást, félagsskapur, vinátta, vera með.



Aðferðum uppbyggingar er ætlað að:

- byggja á styrkleikum, áhuga og þörfum hvers og eins
- auka virðingu, vinsemd í samskiptum og efla tengsl
- stuðla að virkri hlustun og samræðum um markmið og gildi
- stuðla að hvetjandi samskiptum / orðræðu en ekki stýringu
- stuðla að “vaxtarhugarfari”
- gera öllum grein fyrir því það er í lagi að gera mistök sem við getum lært af

Ávinningur af því að byggja upp sjálfsaga er:

- að þekkja þarfir sínar
- að sinna þörfum sínum á uppbyggilegan hátt
- að taka tillit til þarfa annarra
- að sýna ábyrgð í samskiptum
- að finna leiðir til að leiðrétta mistök og koma í veg fyrir að þau gerist aftur
- að finna leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun
- hafa sameiginlegar aðferðir við lausn ágreiningsefna
- **að verða besta útgáfan af sjálfum sér**

Ljóst er að það mun taka okkur einhvern tíma að tileinka okkur þessar aðferðir og samþætta við aðalnámskrá, hæfniviðmið og Cittaslow. Góðu fréttirnar eru þær að margt af því sem þessi fræði standa fyrir höfum við notað lengi hér í skólanum þannig að sumt þekkjum við vel og höfum notað með góðum árangri. Hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar og Cittaslow tóna mjög vel saman og það sama á við um hæfniviðmið og lykilhæfni aðalnámskrár.

Við erum mjög spennt að bæta Uppbyggingu sjálfsaga inn í skólastarfið og við höldum áfram að líta björtum augum til framtíðar.

Halldóra Dröfn, skólastjóri Djúpavogsskóla

Íþróttamiðstöð Djúpavogshrepps

Í Íþróttamiðstöð Djúpavogs er mjög góð innisundlaug og grunnlaug / barnalaug til að slaka á og tveir heitir nuddpottar. Einnig er kaldur pottur fyrir þá svölustu.

Þá er íþróttasalur, sauna og góð aðstaða til líkamsræktar í Íþróttamiðstöðinni.

Verið velkomin

Afgreiðslutími

Sumaropnun, frá 1. júní.

- Mánudaga til föstudaga: 07:00 – 20:30
- Laugardaga og sunnudaga: 10:00 – 18:00

Vetraropnun, frá september

- Mánudaga til föstudaga: 07:00 – 20:30 (lokað í hádeginu)
- Laugardaga: 11:00 – 15:00
- Sunnudaga: Lokað

Fimmtudagurinn 1. nóvember kl. 16:30

Krakkabíó - svakaleg skrímslamynd.

Skrímsla múffur og popp, súkkulaðiputtar og hauskúpur.

Hver veit nema eitthvað að skordýrum verði á boðstólnum.

Föstudagurinn 2. nóvember kl. 16:30

Myrkradansleikur á vegum Foreldrafélagsins.

Laugardagur 3. nóvember frá kl. 11:00 - 14:00

Brunch / Dögurður með Hrekkjavökuívaði -upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Tilvalið að sameina morgunverð og hádegisverð á Dögum Myrkurs.

2500 isk fyrir fullorðna, 1250 fyrir 14 - 6 ára, frítt fyrir leikskólabörn

Meðan á Dögum myrkurs stendur verður kökuborðið í við voginn með skelfilegra móti og gestir geta gætt sér á blóðugum eftirrættum, köngulóamúffum, draugakexi, eitruðum eplarættum, graskersböfum og öðru í anda Daga myrkurs og hrekkjavöku.

Alla vikuna verður nornasúpa í boði ásamt heimabökuðu brauði og afsagaðir puttar í blóðugu pylsubrauði.

við voginn



SVIPMYNDIR FRÁ SUMRINU 2018

